



EFNISYFIRLIT

1. Skilgreiningar og gildissvið V. kafla raforkulaga	3
1.1. Inngangur.....	3
1.2 Heildsöluorkumarkaður	3
1.3 Heildsöluorkuafurð.....	5
1.4 Persónulegt gildissvið	9
1.4.1. Aðili.....	11
1.4.2. Markaðsaðili	11
1.4.3. Viðskiptavettvangur raforku.....	13
1.4.4. Milligönguaðili í raforkuviðskiptum.....	14
1.5 Skörun á gildissviði raforkulaga við aðra löggjöf.....	15
1.5.1. Skörun á milli samkeppnislaga nr. 44/2005 og raforkulaga	15
1.5.2. Skörun á milli löggjöf fjármálamarkaða og raforkulaga.....	15
2. Innherjaupplýsingar.....	15
2.1 Inngangur.....	15
2.2 Hugtakið “upplýsingar” í skilningi 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga.....	17
2.3 Hugtakið „innherjaupplýsingar“ í skilningi 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga	20
2.3.1 Nægjanlega tilgreindar	21
2.3.2. Upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar	26
2.3.3. Upplýsingar sem tengjast heildsöluorkuafurð eða heildsöluorkuafurðum.....	26
2.3.4. Marktæk áhrif.....	27
2.3.5 Upplýsingar um viðskiptaáætlanir og viðskiptastefnur	30
3. Skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega	32
3.1. Inngangur.....	32
3.2. Skilvirk birting innherjaupplýsinga.....	33
3.2.1. Birting innherjaupplýsinga.....	33
3.2.2 Lágmarkskröfur sem gerðar eru til skilvirkrar birtingar í skilningi 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga	35
3.3. Tímanleg birting innherjaupplýsinga	36
3.4. Frestun á birtingu innherjaupplýsinga.....	37



4. Bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga	38
4.1. Inngangur.....	38
4.2. Skilgreining á innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga	39
4.2.1. Innherjaviðskipti með notkun innherjaupplýsinga	43
4.2.2. Ólögmæt miðlun innherjaupplýsinga	49
4.2.3. Ráðlegging eða hvetja til viðskipta á grundvelli innherjaupplýsinga.....	52
4.3. Vísbendingar um innherjasvik.....	53
4.3.1. Mögulegar vísbendingar	53
4.3.2. Tegundir af háttsemi sem falla undir innherjasvik.....	55
4.4. Persónulegt gildissvið 20. gr. b. raforkulaga	56
4.5. Undanþágur	59
4.5.1. Undanþágur frá beitingu banns við innherjasvikum	59



1. Skilgreiningar og gildissvið V. kafla raforkulaga

1.1. Inngangur

- (1) Í V. kafla raforkulaga nr. 65/2003 er fjallað um raforkuviðskipti. Með lögum nr. 45/2026 um breytingu á raforkulögum var bætt við tíu nýjum greinum á eftir 20. gr. (20. gr. a. – 20. gr. i.). Ákvæðin eru bundin við viðskipti á heildsöluorkumarkaði, og hafa þann tilgang að mæla fyrir um tiltekna háttarnisreglur í raforkuviðskiptum og eftirlit, til þess að stuðla að gagnsæi og heiðarleika á markaði. Við 3. gr. raforkulaga bættust einnig við tíu nýjar hugtaksskilgreiningar, ásamt breytingu á hugtakinu *markaðsaðili*.
- (2) Til þess að ná utan um efnislegt gildissvið reglnanna, þ.e. mengi þeirra viðskipta sem ákvæðin gilda um er nauðsynlegt að skilgreina hugtökin *heildsöluorkuafurð*, *heildsöluorkumarkaður*. Skilgreining á hugtakinu heildsöluorkumarkaður vísar til viðskipta með heildsöluorkuafurð, og mynda því hugtökin saman mengi þeirra viðskipta sem ákvæðin gilda um.
- (3) Ákvæðin hafa mismunandi persónulegt gildissvið og gilda meðal annars um aðila í víðtækum skilningi eða leggja skyldur á tiltekna aðila, svo sem markaðsaðila. Til þess að ná utan um persónulegt gildissvið ákvæðanna er nauðsynlegt að skilgreina hugtökin *aðili*, *markaðsaðili*, *viðskiptavettvangur raforku* og *milligönguaðili í raforkuviðskiptum*.
- (4) Raforkueftirlitið lítur svo á að forsenda fyrir reglufylgni með ákvæðum 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga er réttur skilningur á framangreindum hugtaksskilgreiningum þar sem hugtökin í sameiningu mynda gildissvið ákvæðanna. Þessum kafla er því ætlað að taka allan vafa af því hvaða skilning Raforkueftirlitið hefur á framangreindum hugtökum.
- (5) Gildissvið ákvæða 20. gr. a. – 20. gr. i. skarast á við gildissvið annarra laga. Raforkueftirlitið lítur svo á að viðeigandi sé að útskýra samspil ákvæðanna við lög sem gilda á fjármálamarkaði og samkeppnislöggjöf.
- (6) Í undirkafla 1.2. er fjallað um hvernig Raforkueftirlitið lítur á skilgreiningu á hugtakinu *heildsöluorkumarkaður*. Í undirkafla 1.3. eru leiðbeiningar um það hvernig Raforkueftirlitið lítur á skilgreiningu á hugtakinu *heildsöluorkuafurð*. Finna má töflu með útskýringum og umfjöllun um notkunargetu stórnotanda. Í undirkafla 1.4. er að finna leiðbeiningar um það hvernig Raforkueftirlitið lítur á persónulegt gildissvið ákvæða 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga, en ákvæðin taka ýmist til *markaðsaðila* og til *aðila* í víðtækara samhengi. Hugtakið *markaðsaðili* er skilgreint í [xx. tl.] 3. gr., og hugtakið *aðili* er skilgreint í [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga. Í undirkafla 1.5 er að finna leiðbeiningar um það hvernig Raforkueftirlitið lítur á skörun milli raforkulaga og fjármálalöggjöf.

1.2. Heildsöluorkumarkaður

- (7) Í [xx.tl.] 3. gr. raforkulaga er hugtakið heildsöluorkumarkaður skilgreint eftirfarandi:



„Markaður þar sem höfð eru viðskipti með heildsöluorkuafurðir óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram. Hér undir falla viðskipti innan og utan viðskiptavettvangs raforku.“

- (8) Gildissvið ákvæðanna skýrist ekki af því hvar eða hvernig viðskiptin eru framkvæmd, heldur hvað er verið að eiga í viðskiptum með, þ.e. heildsöluorkuafurð. Til þess að leggja fullan skilning í hugtakið *heildsöluorkumarkaður* þarf því að skilgreina hugtakið *heildsöluorkuafurð*. Á þennan hátt mynda hugtökin saman hið efnislega gildissvið ákvæða 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga.
- (9) Raforkueftirlitið lítur svo á að hugtakið *heildsöluorkumarkaður* nái bæði yfir viðskipti með raforku á hrávörumarkaði og afleiðumarkaði. Á hrávörumarkaði með raforku eru samningar gerðir upp efnislega, þ.e. með afhendingu, flutningi eða geymslu á raforku. Á afleiðumörkuðum eru samningar gerðir upp fjárhagslega, en uppgjör afleiðusamninga grundvallast á verðvísitölu raforku. Vegna tengsla markaðanna er verðmyndun á báðum mörkuðunum samtengd. Nánari umfjöllun er að finna í kafla 1.5 um skörun á gildissviði raforkulaga og fjármálamarkaða.
- (10) Raforkueftirlitið lítur því svo á að skilgreining á heildsöluorkumarkaði taki til eftirfarandi en takmarkast ekki við:
- Jöfnunarorkumarkaði þar sem viðskipti eru höfð með raforku sem er afhent;
 - Innandagsmarkaði eða markaði innan dagsins þar sem viðskipti eru höfð með raforku sem er afhent;
 - Næstadagsmarkaði eða markaði fyrir næstu tvo daga þar sem viðskipti eru höfð með raforku sem er afhent, þ.m.t. viðskipti fyrir blokkir með hluta úr viku;
 - Markaði með framvirk raforkuviðskipti þar sem viðskipti eru höfð með raforku sem er afhent, þ.m.t. viðskipti með langtímasamninga, bæði staðlaða og óstaðlaða;
 - Markaði með flutningsgetu raforku;
 - Afleiðumarkaði með afleiður sem tengjast raforku sem er framleidd, höfð viðskipti með eða afhent, þ.m.t. fjárhagslegir OTC-markaðir;
 - Afleiðumarkaði með afleiður sem varða flutning og dreifingu raforku;
 - Markaði fyrir samninga um geymslu raforku;
 - Afleiðumarkaði fyrir afleiður sem varða geymslu á raforku;
 - Reglunaraflsmarkaði og markaði með reglunaraflstryggingar, að því tilskildu að um sé að ræða viðskipti með heildsöluorkuafurð og;
 - Staðbundinn sveigjanleiki¹ fyrir raforku, að því tilskyldu að um viðskipti með heildsöluorkuafurð er um að ræða.

¹ Á ensku: Local Flexibility Markets



1.3. Heildsöluorkuafurð

- (11) Í [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga er hugtakið heildsöluorkuafurð skilgreint sem:

Eftirtaldir samningar og afleiður óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram:

- (a) samningar um afhendingu á raforku,*
- (b) afleiður sem tengjast raforku sem er framleidd, höfð eru viðskipti með eða afhentar,*
- (c) samningar um flutning og dreifingu raforku,*
- (d) afleiður sem varða flutning og dreifingu raforku,*
- (e) samningar um geymslu raforku,*
- (f) afleiður sem varða geymslu raforku.*

Samningar um afhendingu, flutning og dreifingu raforku til annarra notenda en stórnotenda teljast ekki heildsöluorkuafurðir.

- (12) Raforkueftirlitið lítur svo á að samningar um afhendingu, flutning, dreifingu eða geymslu á raforku eru viðskipti sem eiga sér stað á viðskiptavettvöngum og/eða utan viðskiptavettvanga í hvers kyns formi sem viðskiptin eiga sér stað, þ.m.t. viðskipti á jöfnunarorkumörkuðum, innandagsmörkuðum, eða önnur viðskipti innan dagsins, fyrir næstadag, næstadagsmörkuðum, eða önnur viðskipti með hluta úr viku, vikublokkir, mánaðarblokkir, ársfjórðungsblokkir,² langtímaviðskipti eða fyrir annað tímabil³ sem almennt er viðurkennt á raforkumarkaði sem samningar um afhendingu, flutning, dreifingu eða geymslu á raforku.
- (13) Raforkueftirlitið lítur svo á að bæði grunnorka⁴ og skerðanleg orka⁵ falli undir samninga um afhendingu, flutning, dreifingu eða geymslu.
- (14) Heildsöluorkuafurðir sem eru afleiður geta verið fjármálagerningar ef þær falla undir skilgreiningu á 5., 6., 7., og 10. tölul. C-páttar I. viðauka MiFID II, sbr. b., c., d., og g.-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Sjá nánari umfjöllun í kafla 1.5 um skörun gildissviða raforkulaga og laga um fjármálamarkaði.
- (15) Raforkueftirlitið lítur svo á að skilgreiningin nái þ.m.t. yfir samninga og afleiður sem viðskipti eru höfð með fyrir tilstilli milligönguaðila í raforkuviðskiptum eða viðskiptavettvanga raforku og samninga sem gerðir eru yfir borðið (OTC-viðskipti) milli tveggja eða fleiri aðila.
- (16) Raforkueftirlitið lítur einnig svo á að viðskipti innan samstæðu, þ.e. samningar sem gerðir eru við annan mótaðila sem er hluti af sömu samstæðu, teljast heildsöluorkuafurðir samkvæmt

² “blokkir” eru sama magn af grunnorku allar klukkustundir sólarhringsins allt tímabilið. Í tilviki mánaðarblokka er það sama magn af orku allar klukkustundir í heilan mánuð.

³ Raforku verður að nota á sama tíma og hún er framleidd. Viðskipti með raforku á sér því stað framvirkt, þ.e. fram í tímann.

⁴ Grunnorka eru samningar um forgangsorku (MWst) allar klukkustundir sólarhringsins út tímabilið.

⁵ Skerðanleg orka eru samningar þar sem framleiðanda er heimilt að draga úr afhendingu eða getur hætt afhendingu.



skilgreiningunni. Þeir samningar eiga ekki undir gagnaskilaskyldu til Raforkueftirlitsins nema að fenginni rökstuddri beiðni Raforkueftirlitsins, sbr. [a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. xx/xxxx].

- (17) Raforkueftirlitið lítur svo á að samningar um afhendingu á raforku og afleiður sem tengjast raforku, sem verða til á reglunaraflsmarkaði,⁶ með tilhögun reglunaraflstryggingar,⁷ og á sveigjanleikamörkuðum,⁸ teljast heildsöluorkuafurðir.
- (18) Hvað varðar samninga eða afleiður um geymslu á raforku þá lítur Raforkueftirlitið svo á að með “geymslu” er átt við um notkun sem er frestað frá því að raforkan var framleidd og þar til síðari tíma,⁹ eða umbreyting raforku í orkuform gagnert í þeim tilgangi að geyma orkuna til síðari notkunar. Orkugeymslan er sú aðstaða sem notuð er til að geyma orku þar til notkun fer fram.
- (19) Raforkueftirlitið lítur svo á að samningar um upprunaábyrgð og losunarheimildir falli ekki undir skilgreiningu á heildsöluorkuafurð.¹⁰
- (20) Samningar um afhendingu og dreifingu raforku til annarra notenda en stórnotenda teljast ekki heildsöluorkuafurðir. Notandi er sá sem kaupir raforku til eigin nota. Notendur má flokka í tvo flokka; almenna notendur og stórnotendur. Almennir notendur eru notendur eða þjónustuveitendur sem eru ekki stórnotendur eða heildsalar. Slíkir notendur kaupa raforku til eigin heimilisnota eða eru minni fyrirtæki. Stórnotendur eru notendur sem nota innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári. Stórnotendur sem nota svo mikið magn orku geta tengst beint við flutningskerfið og teljast viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins.
- (21) Raforkueftirlitið lítur svo á að orðalag ákvæðisins aðskilur viðskipti almennra notenda, þ.e. heimila og minni fyrirtækja frá viðskiptum á heildsöluorkumarkaði. Það felur í sér að viðskipti almennra notenda til eigin nota teljast ekki eiga sér stað á heildsöluorkumarkaði. Öll önnur viðskipti, þ.m.t. viðskipti stórnotenda, teljast eiga sér stað á heildsöluorkumarkaði.

Notkunargeta stórnotenda sem hluti af heildsöluorkumarkaði

Heildsöluorkuafurð afmarkast við notkunargetu stórnotenda. Samkvæmt [xx.tl.] 3. gr. raforkulaga er notkunargeta stórnotenda á einum stað 80 GWst innan þriggja ára. Orðalagið vísar í hugtakið stórnotandi og spila því skilgreining á heildsöluorkuafurð og stórnotanda saman. Viðskipti stórnotanda skulu teljast vera viðskipti með heildsöluorkuafurð og á heildsöluorkumarkaði, óháð því hvar og hvernig viðskiptin eiga sér stað. Viðskipti annarra

⁶ Enska hugtakið er “capacity market” oft einnig kallað “generation capacity market”. Um er að ræða markað með reglunarafl. Reglunarafl er það afl sem kerfisstjórn nýtir til að jafna frávik milli áætlaðrar og raunverulegrar heildarnotkunar í raforkukerfinu.

⁷ Reglunaraflstrygging nefnist það þegar flutningsfyrirtækið gerir samning við bjóðanda um að hann bjóði yfir ákveðin tímabil ákveðið lágmark reglunarafls innan tilgreindra afl- og verðmarka á reglunaraflsmarkaðinum. Reglunaraflstrygging tryggir lágmarks framboð á reglunaraflsmarkaði. Aðilar frá greitt fyrir að gera trygginguna, og einnig ef að flutningsfyrirtækið nota trygginguna.

⁸ Á ensku: „flexibility markets“, Sveigjanleikamarkaður er ekki sama hugtak og *staðbundinn sveigjanleiki* (e. Local Flexibility Market). Sveigjanleikamarkaðir er regnhlífarhugtak yfir nokkrar tegundir af sveigjanleikamörkuðum.

⁹ Raforkueftirlitið lítur svo á að það þurfi að vera búið að framleiða raforkuna, áður en henni er umbreytt í annað form, til þess að um orkugeymslu sé um að ræða. Í dæmaskyni teljast vatnslón þ.m.t. ekki orkugeymsla.

¹⁰ Raforkueftirlitið er meðvitað um að þessir samningar geti haft veruleg áhrif á verðlag á heildsöluorkumarkaði.



notenda sem eru almennir notendur, teljast ekki heildsöluorkuafurðir. Ákvæði 20. gr. a. - 20. gr. i. eiga því ekki við um viðskipti almennra notenda. Með þessum hætti gera raforkulög greinarmun á viðskiptum á heildsöluorkumarkaði og smásöluorkumarkaði.

Við mat á notkunargetu “á einum stað innan þriggja ára” skal skilja sem notkun í einstökum verksmiðjum þar sem afhending raforku fer fram, þ.e. úttekt raforku úr flutningskerfinu til viðkomandi stórnotanda fer fram. Ekki skal meta notkun “á einum stað innan þriggja ára” sem notkun tveggja eða fleiri verksmiðja á mismunandi afhendingarstöðum en undir stjórn eins efnahagslegs aðila sem heildsöluorkuafurð, nema verksmiðjurnar hafi sameiginleg áhrif á verðmyndun á heildsöluorkumarkaði.

Með hugtakinu “undir stjórn eins efnahagslegs aðila” er litið til samkeppnisréttar. Samkvæmt samkeppnisreglum gengur sameiginleg hegðun tveggja eða fleiri fyrirtækja á markaði framar formlegri lagalegri uppbyggingu þessara fyrirtækja. Þrátt fyrir að fyrirtæki séu aðskildir lögaðilar skal meta hvort þau hagi sér saman sem “ein efnahagsleg eining” á markaðinum. Þegar verið er að meta framangreint skal skoða:

- Ákvörðunarvald, verklagsreglur og ábyrgðarskiptingu milli viðkomandi fyrirtækja;
- Eignarhald (t.d. meirihlutaeigandi);
- Eignarhaldsuppbyggingu viðkomandi fyrirtækja og;
- Hagsmuni eða áhrif á viðkomandi fyrirtæki.

Raforkueftirlitið lítur svo á að í tilviki viðskipta stórnotanda sem notar innan þriggja ára á einum stað “a.m.k. 80 GWst á ári”, er átt við fulla nýtingu framleiðslugetu þess viðskiptavinar. Það er hámarks nýting raforku stórnotanda á einu ári ef að stórnotandi myndi keyra notkun sína á fullu allan tímann árið um kring, þ.e. tæknileg geta til neyslu raforku. Það er sú notkunargeta sem stórnotendur ættu að hafa í huga þegar metið er hvort þeir uppfylli notkunargetu stórnotanda í samhengi við hvort viðskiptin teljist heildsöluorkuafurð. Notkunargeta nær yfir alla notkun raforku þess stórnotanda á afhendingarstað viðkomandi.

Raforkueftirlitið lítur svo á að stórnotendur skuli reikna út notkunargetu á einum stað út frá hverjum afhendingarstað, og ekki leggja hana saman þegar metið er hvort að farið sé yfir 80 GWst á ári nema verksmiðjurnar hafi sameiginleg áhrif á verðmyndun á heildsöluorkumarkaði.

Notkunargeta á einum stað er notkun einstakra verksmiðja yfir 80GWst þröskuldinum. Hins vegar skal taka tillit til einstakra verksmiðja, sem hver um sig hefur notkunargetu undir 80GWst þröskuldinum, ef þær eru undir einni efnahagslegri einingu og hafa sameiginlega áhrif á verðmyndun.

(22) Eftirfarandi tafla inniheldur dæmi um mismunandi tegundir raforkuviðskipta sem Raforkueftirlitið telur falla undir hugtakið heildsöluorkuafurð.

	Undir gildissviði raforkulaga	
	Já	Nei
Samningar um afhendingu raforku: um raforku innan dagsins, innan sólarhringsins, fyrir næstadag, fyrir næstu tvo daga, fyrir hluta úr viku,	X	



fyrir heila viku, fyrir heilan mánuð, fyrir ársfjórðung, fyrir almanaksár og til langs tíma, eða fyrir hvers kyns tímaramma sem almennt er viðurkennt á markaði sem samningur um afhendingu á raforku, þ.m.t. jöfnunarorku.		
Samningar um afhendingu raforku sem verða til á næstadags- eða innandagsmarkaði	X	
Samningar um flutning og dreifingu á raforku sem gert er samning um: til að jafna, innan dagsins, innan sólarhringsins, fyrir næsta dag, fyrir næstu tvo daga, fyrir hluta úr viku, fyrir heila viku, fyrir mánuð, fyrir ársfjórðung, fyrir ár, og langtímasamningar eða samningur um flutning fyrir hvers kyns tímaramma sem almennt er viðurkennt á markaði sem samningur um flutning á raforku	X	
Samningar sem varða geymslu raforku	X	
Afleiður sem varða raforku sem er framleidd, haft í viðskiptum með eða afhent	X	
Hrávörur á borð við ammóníak og etanól		X
Afleiður sem varða samninga um afhendingu raforku þar sem viðskipti eru höfð á næstadags- eða innandagsmarkaði	X	
Afleiður sem varða flutning og dreifingu á raforku	X	
Afleiður sem varða geymslu raforku	X	
Viðskipti innan samstæðu með raforku¹¹	X	
Samningar um veitingu eftirspurnarstýringar eða notkunarsvörun¹²	X	
Samningar um afhendingu raforku og afleiður sem varða raforku, sem er haft viðskipti með á reglunaraflsmarkaði og með reglunaraflstrygginga	X	
Samningar um afhendingu raforku til stórnotanda sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári	X	
Samningar um upprunaábyrgð og losunarheimildir¹³		X
Framleiðsla raforku í einingu innan raforkuvers/virkjunar þar sem framleiðslan er að fullu notuð innan sama raforkuvers/virkjunar¹⁴		X

¹¹ Með viðskiptum innan samstæðu er átt við OTC samninga milli samningsaðila sem eru báðir hluti af sömu samstæðu. Samningar geta varðað afhendingu, flutning eða geymslu á raforku.

¹² Á ensku: Contracts for the provision of demand response services or flexibility.

¹³ Raforkueftirlitið er meðvitað um að þessir samningar geti haft marktæk áhrif á verð heildsöluorkuafurða.


¹⁴ Samkvæmt [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga er raforkuver/virkjun: Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun. Í þessu tilviki er verið að tala um framleiðslu raforku innan einnar einingar af mörgum innan sömu raforkuvirkjunar.



1.4. Persónulegt gildissvið

- (23) Ákvæði 20. gr. a. – 20. gr. i. hafa mismunandi persónulegt gildissvið og gilda sum þeirra um aðila í víðtækum skilningi eða leggja skyldur á tiltekna aðila í þrengri skilningi. Til þess að ná utan um persónulegt gildissvið ákvæðanna er nauðsynlegt að skilgreina hugtökin *aðili*, *markaðsaðili*, *viðskiptavettvangur raforku* og *milligönguaðili í raforkuviðskiptum*.
- (24) Raforkueftirlitið lítur svo á að gildissvið raforkulaga taki til íslenskrar lögsögu, þ.e. til heildsöluorkuafurða sem eru framleiddar, afhentar, haft viðskipti með, fluttar eða geymdar innan íslenskrar lögsögu. Raforka sem framleidd er á Íslandi verður ekki flutt yfir landamæri þar sem íslenska raforkukerfið er ekki tengt með samtengilínunum við önnur flutningskerfi.
- (25) Markaðsaðilar á íslenskum heildsöluorkumarkaði eru sjálfstæðir skatt- og lögaðilar innan íslenskrar lögsögu og starfa á grundvelli raforkulaga.

Þessum kafla er því ætlað að taka allan vafa af því hvaða skilning Raforkueftirlitið hefur á hugtökunum *aðili*, *markaðsaðili*, *viðskiptavettvangur raforku* og *milligönguaðili í raforkuviðskiptum* ásamt því að skýra nánar persónulegt gildissvið eftirfarandi ákvæða:



- (26) Listinn hér að neðan tilgreinir hvaða einstaklingar og lögaðilar falla undir hvert ákvæði fyrir sig.

(i) **Bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga**

- (27) Bannið sem um ræðir í 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga á við um:

- Einstakling sem situr í stjórn, starfar í framkvæmdastjórn eða í eftirlitseiningum markaðsaðila;



- Einstakling eða lögaðila sem á hlutafé í markaðsaðila;
- Einstakling eða lögaðila sem hefur aðgang að upplýsingum í krafti starfs, stöðu eða skyldna;
- Einstakling eða lögaðila sem hefur aðgang að upplýsingum vegna þátttöku í refsiverðri háttsemi;
- Einstakling eða lögaðila sem hefur vitneskju að um innherjaupplýsingar væri að ræða.

Nánari leiðbeiningar um persónubundið gildissvið 1. mgr. 20. gr. b. um bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga er að finna í undirkafla 4.4.

(ii) Bann við markaðsmisnotkun og tilraun til markaðsmisnotkunar samkvæmt 20. gr. e. raforkulaga, sbr. 20. gr. c. og 20. gr. d.

- (28) Bannið um markaðsmisnotkun og tilraun til markaðsmisnotkunar samkvæmt 20. gr. e. tekur til aðila, þ.e. einstaklinga og lögaðila. Bannið tekur jafnframt til einstaklinga og lögaðila sem framkvæma háttsemi samkvæmt 20. gr. c. og/eða 20. gr. d. í samstarfi.
- (29) Háttsemin afmarkast ekki við markaðsaðila og geta einstaklingar verið persónulega ábyrgir þegar viðskipti eru gerð í nafni markaðsaðila. Nánari umfjöllun um persónubundið gildissvið 20. gr. e. raforkulaga um bann við markaðsmisnotkun og tilraun til markaðsmisnotkunar er að finna í undirkafla [x.x]

(iii) Skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga

- (30) Skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga tekur til markaðsaðila sem býr yfir innherjaupplýsingum vegna viðskipta eða búnað/aðstöðu til framleiðslu, flutnings, dreifingar eða notkunar raforku, og varðar þann tiltekna markaðsaðila, móðurfélag þess eða annað tengt félag sem það á eða hefur stjórn á, eða ber rekstrarlega ábyrgð á, annað hvort að öllu leyti eða að hluta til.
- (31) Markaðsaðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum varðandi viðskipti eða búnað/aðstöðu til framleiðslu, flutnings, dreifingar eða notkunar raforku annarra markaðsaðila falla ekki undir persónulegt gildissvið um birtingu innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga. Hins vegar hvað varðar slíkar innherjaupplýsingar þarf samt sem áður að fara að banni innherjasvika skv. 20. gr. b. raforkulaga.
- (32) Nánari leiðbeiningar um persónubundið gildissvið 20. gr. h. raforkulaga um að birta innherjaupplýsingar opinberlega er að finna í undirkafla 3.1.

(iv) Skyldan til að skila inn gögnum um viðskipti samkvæmt 20. gr. i. raforkulaga



- (33) Skyldan til að skila inn gögnum um viðskipti til eftirlitsaðila tekur til markaðsaðila og/eða aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd, viðskiptavettvanga raforku og milligönguaðila í raforkuviðskiptum.
- (34) Á meðan markaðsaðili ber ábyrgð á gagnaskilum, segir í 2. mgr. 20. gr. i. raforkulaga að rekstraraðili viðskiptavettvangs eða þriðji aðili fyrir hönd markaðsaðila geti framfylgt skyldunni fyrir hönd markaðsaðila með því að veita Raforkueftirlitinu aðgengileg gögn varðandi þögnunarbók þar sem fram koma viðskiptafyrirmæli viðkomandi markaðsaðila.
- (v) **Skylda til að viðhalda skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagsreglum til að fyrirbyggja og greina markaðsmisnotkun samkvæmt 20. gr. g. raforkulaga**
- (35) Skyldan um að koma á fót og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem miðar að því að koma í veg fyrir og greina innherjasvik, markaðsmisnotkun og tilraun til innherjasvika og markaðsmisnotkunar tekur til rekstraraðila sem starfrækja viðskiptavettvang og milligönguaðila í raforkuviðskiptum.

1.4.1. Aðili

- (36) Í [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga er hugtakið aðili skilgreint sem:
- „einstaklingur eða lögaðili“
- (37) Ákvæði 20. gr. b. og 20. gr. e. eru með víðtækasta gildissviðinu og geta allir einstaklingar og lögaðilar í íslenskri lögsögu fallið þar undir, óháð því hvort þeir starfi hjá markaðsaðilum eða ekki.
- (38) Í dæmaskyni geta aðilar verið einstaklingar og fyrirtæki sem starfa innan og utan orkugeirans, markaðsaðilar, viðskiptavettvangar raforku, milligönguaðilar í raforkuviðskiptum, starfsmenn framangreindra aðila, starfsmenn hins opinbera o.s.frv.
- (39) Til að sýna fram á ábyrgð við reglufylgni telur Raforkueftirlitið viðeigandi fyrir markaðsaðila, viðskiptavettvanga raforku og milligönguaðila í raforkuviðskiptum að viðhafa innra verklag til að áhættustýra hagsmunaárekstrum í viðskiptum og starfsemi, afmarka upplýsingaflæði verðmætra upplýsinga og skrásetningu samskipta með tilliti til stærð markaðarins.¹⁵ Slíkt innra verklag dregur úr áhættu sem stafar af hættu á broti lögaðila og einstaklinga í heild sinni, þ.e. hættu á broti hjá markaðsaðilanum sjálfum, einstaklingum sem starfa á þeirra vegum beint eða óbeint, og aðilum tengdum þeim starfsmönnum, fyrirtækjum tengdum markaðsaðila hvort sem er fjárhagslegum eða viðskiptalegum böndum o.s.frv.

1.4.2. Markaðsaðili

- (40) Í [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga er hugtakið markaðsaðili skilgreint sem:

¹⁵ Innra verklag miðar að því að draga úr áhættu um að fyrirtækið brjóti gegn lögunum, starfsmenn þess brjóti gegn lögunum



„Hver sá einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. flutningsfyrirtækið og dreifiveitur, sem stundar viðskipti með heildsöluorkuafurð og/eða gefur fyrirmæli um viðskipti eða annast slík viðskipti í umboði annars.”

- (41) Raforkueftirlitið lítur svo á að skilgreining á hugtakinu sé þýðingarmikil af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi tekur skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega til markaðsaðila sbr. 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga. Í öðru lagi bera markaðsaðilar ábyrgð á gagnaskilum til Raforkueftirlitsins samkvæmt 20. gr. i., þó rekstraraðilar viðskiptavettvanga raforku og milligönguaðilar í raforkuviðskiptum geti skilað inn gögnum fyrir hönd markaðsaðila.

Hugtakið „markaðsaðili”

Í samhengi við skilgreiningu á hugtökunum *heildsöluorkuafurð* og *heildsöluorkumarkaður*, lítur Raforkueftirlitið svo á að a.m.k. eftirfarandi aðilar teljast vera markaðsaðilar í skilningi 20. gr. a. - 20. gr. i. ef þeir stunda viðskipti með heildsöluorkuafurð og/eða gefa fyrirmæli um viðskipti eða annast slík viðskipti í umboði annars:

- **Sölufyrirtæki raforku:** Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
- **Vinnslufyrirtæki:** Fyrirtæki sem stunda vinnslu á raforku og hefur fengið virkjanaleyfi. Undir það falla einnig framleiðendur sem framleiða fyrir söludeild innan sömu samstæðu;
- **Jöfnunarábyrgir aðilar:** Aðili sem ábyrgist með skriflegum samningi við Landsnet að jafnvægi sé milli öflunar raforku, þ.e. raforkuframleiðslu og raforkukaupa annars vegar, og ráðstöfunar, þ.e. sölu og notkunar hins vegar.
- **Stórnotandi:** Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.
- **Flutningsfyrirtækið:** Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun, Landsnet.
- **Dreifiveitur:** Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
- **Rekstraraðilar orkugeymslna:**¹⁶ Einstaklingur eða lögaðili sem heldur úti orkugeymslu og er ábyrgur fyrir rekstri slíkra geymslna.
- **Verðbréfafyrirtæki:** Aðili sem í atvinnuskyni og sem hluti af reglulegri starfsemi veitir þriðja aðila fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Lykilatriði við mat á því hvort fyrirtæki sé markaðsaðili er að meta hvort viðkomandi er að stunda viðskipti með heildsöluorkuafurð og/eða gefa fyrirmæli um viðskipti eða annast slík viðskipti í umboði annars á einum eða fleiri heildsöluorkumörkuðum fyrir raforku.

Dæmi um markaðsaðila í skilningi raforkulaga

1. Viðskipti stórnotanda

¹⁶ Á ensku: Storage System Operator.



Stórnotandi gerir 10 ára langtímasamning um kaup á 50 MW af raforku við framleiðanda. Samningurinn var gerður yfir-borðið milli tveggja samningsaðila, annars vegar framleiðandans og hins vegar stórnotandans (OTC-viðskipti). Stórnotandinn tekur ekki þátt á viðskiptavettvöngum raforku.

Mat: Samningar um afhendingu raforku til stórnotanda falla undir skilgreiningu á heildsöluorkuafurð. Viðskiptin eiga sér því stað á heildsöluorkumarkaði. Stórnotandi telst því markaðsaðili á heildsöluorkumarkaði og hefur skyldur sem slíkur samkvæmt ákvæðum 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga.

1.4.3. Viðskiptavettvangur raforku

- (42) Í [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga er hugtakið viðskiptavettvangur raforku skilgreint sem:

„Marghliða kerfi sem leiðir saman fjölda þriðju aðila sem vilja kaupa eða selja þannig að til samninga geti stofnast með heildsöluorkuafurðir innan hvers kyns viðskiptaglugga, þ.m.t. næstadagsmarkaður, innandagsmarkaður og framvirkur markaður.“

- (43) Raforkueftirlitið lítur svo á að marghliða kerfi sé kerfi eða torg þar sem kaup- og söluáhugi þriðju aðila á heildsöluorkuafurðum geta mæst innan kerfisins. Til þess að kaup- og söluáhugi um heildsöluorkuafurðir geti mæst innan marghliða kerfis þurfa heildsöluorkuafurðir (t.d. samningur um afhendingu á raforku) að (i) fela í sér eignarrétt á heildsöluorkuafurð, (ii) vera framseljanlegur og, (iii) staðlaður.
- (44) Raforkueftirlitið lítur svo á að eingöngu er hægt að eiga viðskipti með heildsöluorkuafurðir á viðskiptavettvangi raforku. Samningarnir þurfa því að fela í sér eignarréttindi á heildsöluorkuafurð eins og hugtakið er skilgreint í [xx. tl. 3. gr. raforkulaga], svo sem eignarrétt á samning um afhendingu á raforku. Nánari umfjöllun um það hvað telst heildsöluorkuafurð er fjallað um í kafla 1.3. þessara leiðbeininga.
- (45) Raforkueftirlitið lítur svo á að skilyrði um framseljanleika felur í sér að kröfuréttindi á samning um heildsöluorkuafurð (t.d. afhendingu á raforku) verður að geta færst frá einum aðila yfir á annan aðila án takmarkana, og þau eignarréttindi sem samningnum fylgja (t.d. afhent raforka).
- (46) Raforkueftirlitið lítur svo á að til þess að kaup- og söluáhugi geti mæst innan marghliða kerfis þannig að til samninga stofnist, þurfa heildsöluorkuafurðir að vera staðlaðir samningar og afleiðusamningar um undirliggjandi afhendingu, flutning, dreifingu, geymslu raforku. Með því er átt við að markaðseining, afhendingartími/tímalengd og uppgjörsákvæði eru í stöðluðu formi og ekki sérsniðnir að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.
- (47) Viðskiptavettvangur raforku er marghliða kerfi sem rekið er af rekstraraðila sem hefur fengið til þess leyfi á grundvelli 18. gr. a. raforkulaga. Einn rekstraraðili getur rekið fleiri en eina mismunandi tegundir af viðskiptavettvöngum.



- (48) Raforkueftirlitið lítur svo á að skilgreining raforkulaga á hugtakinu *viðskiptavettvangur* einangrist ekki við að margir séu bæði á kaup- og söluhlið heldur tekur það einnig til kerfis eða torg þar sem margir markaðsaðilar setja inn kautilboð þar sem einungis einn eða fáir eru á söluhlið og öfugt, þ.e. að margir markaðsaðilar geta sett inn sölutilboð þegar einungis einn eða fáir aðilar eru á kauphlið.

1.4.4. Milligönguaðili í raforkuviðskiptum

- (49) Í [xx. tl. 3. gr. raforkulaga] er hugtakið milligönguaðili í raforkuviðskiptum skilgreint sem:

„Aðili sem hefur milligöngu um viðskipti með heildsöluorkuafurðir í atvinnuskyni með því að taka á móti viðskiptafyrirmælum og miðla þeim áfram.“

- (50) Milligönguaðili er t.d. aðili sem starfar sem miðlari og gerist ekki aðili að viðskiptunum sjálfur, heldur staðsetur sig á milli kaupanda og seljanda í viðskiptum án þess að milligönguaðilinn taki á sig markaðsáhættu við framkvæmd þeirra, þar sem báðar hliðar viðskiptanna eru framkvæmdar á sama tíma og fara fram á verði sem milligönguaðilinn hvorki hagnast né tapar á, að undanskildum fyrir fram uppgefnum umboðslaunum, þóknunum eða gjöldum fyrir viðskiptin.
- (51) Raforkueftirlitið lítur svo á að milligönguaðili getur átt skipulega, títt og kerfisbundið í umfangsmiklum viðskiptum með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við viðskiptavettvang raforku án þess að starfrækja marghliða kerfi.
- (52) Mörkin á milli þess hvenær milligönguaðili í raforkuviðskiptum telst reka marghliða kerfi í skilningi skilgreiningu á viðskiptavettvang raforku, skal meta út frá því hvort viðskipti séu regluleg og kerfisbundin út frá OTC-viðskipta með heildsöluorkuafurð og framkvæmd á grundvelli fyrirmæla viðskiptavina. Mæla skal umfang annað hvort út frá stærð OTC-viðskipta á vegum milligönguaðila í tengslum við heildarviðskipti þess með tiltekna heildsöluorkuafurð eða stærð OTC-viðskipta á vegum miðlarans í tengslum við heildarviðskipti á íslenskum heildsöluorkumarkaði. Aðili telst reka marghliða kerfi þegar hann fer bæði yfir fyrir fram ákveðin mörk hvað varðar tíð og kerfisbundin viðskipti og umfang viðskipta.
- (53) Aðili sem *annast* raforkuviðskipti með því að *stunda* þau fyrir eigin reikning, þarf til þess leyfi á grundvelli 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Aðilar sem hafa slíkt leyfi teljast markaðsaðilar, og sölufyrirtæki raforku skv. 22. tl. 3. gr. raforkulaga. Samkvæmt þeim tölulið eru sölufyrirtæki skilgreind sem „Fyrirtæki sem selur raforku eða *annast* raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu“.



1.5. Skörun á gildissviði raforkulaga við aðra löggjöf

1.5.1. Skörun á milli samkeppnislaga nr. 44/2005 og raforkulaga

- (54) Raforka er söluvara og gilda samkeppnislög nr. 44/2005 um þá atvinnustarfsemi sem raforkulög ná til sbr. 27. gr. raforkulaga. Ákvæði 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga hafa ekki áhrif á beitingu samkeppnisreglna á þá starfsemi sem heyrir undir ákvæðin.
- (55) Það er því skörun á gildissviði raforkulaga og samkeppnislaga, og fara bæði Raforkueftirlitið og Samkeppniseftirlitið með eftirlit með raforkuviðskiptum og verðmyndun á orkumarkaði samkvæmt sitthvorum réttarheimildunum. Raforkueftirlitið mun leitast við að samræma beitingu eftirlitsheimilda við önnur stjórnvöld þegar mál kunna að falla undir fleiri en eitt regluverk.

1.5.2. Skörun á milli löggjöf fjármálamarkaða og raforkulaga

- (56) Á Íslandi er í gildi heildstætt regluverk sem tekur til greiningar, rannsóknar og viðurlaga vegna markaðssvika, bæði á heildsöluorkumarkaði og á fjármálamörkuðum.
- (57) Ákvæði reglugerðar ESB nr. 596/2014 (hér eftir “MAR”) var lögfest með lögum nr. 60/2021 um markaðssvik og gildir um viðskipti með fjármálagerninga.
- (58) Ákvæði 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga og reglugerðir settum með stoð í þeim mynda regluverk um gagnsæi og heilleika í viðskiptum með heildsöluorkuafurð á heildsöluorkumarkaði. Ákvæðin eru gerð að fyrirmynd MAR, en aðlöguð að séreinkennum heildsöluorkumarkaðarins og raforku sem söluvöru.
- (59) Þar sem viðskipti með afleiður sem grundvallast á raforku eiga bæði undir hugtakið *heildsöluorkuafurð* samkvæmt raforkulögum og *fjármálagerningur* samkvæmt lögum nr. 115/2021, er skörun á gildissviði raforkulaga og laga um markað fyrir fjármálagerninga.
- (60) Raforkueftirlitið og Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fara því bæði með eftirlit með viðskiptum sem falla samtímis undir hugtakið *fjármálagerningur* og *heildsöluorkuafurð*, en samkvæmt sitthvorum réttarheimildunum. Raforkueftirlitið mun leitast við að samræma beitingu eftirlitsheimilda við önnur stjórnvöld þegar mál kunna að falla undir fleiri en eitt regluverk.

2. Innherjaupplýsingar

2.1. Inngangur

- (61) Í þessum kafla er fjallað um hvernig Raforkueftirlitið lítur á hugtakskilgreiningu *innherjaupplýsinga* samkvæmt 20. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003.
- (62) Hugtakið innherjaupplýsingar hefur tvíþætt hlutverk samkvæmt raforkulögum. Annars vegar að fyrirbyggja innherjasvik og ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. b.




raforkulaga, með því að skilgreina hvaða upplýsingar þurfi að vera fyrir hendi til þess að um sviksamlegt athæfi er um að ræða. Hins vegar að skilgreina eðli og tegund þeirra upplýsinga sem ber að birta opinberlega samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga.

- (63) Í markaðsviðskiptum hefur upplýsingaskylda verið talin eitt mikilvægasta verkfærið til að tryggja gagnsæi og heilleika í viðskiptum, en réttar upplýsingar hafa þýðingarmikið hlutverk fyrir verðmyndun á markaði. Að því sögðu er upplýsingaskyldu ætlað að tryggja að aðilar standi jafnfætis í viðskiptum með því að koma í veg fyrir ósamhverfar upplýsingar eða svokallaða upplýsingaskekkju á markaði. Samkvæmt sömu röksemdarfærslu er bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga ætlað það hlutverk að koma í veg fyrir að aðilar geti stundað viðskipti og hagnast á kostnað annarra markaðsaðila, hafi þeir innherjaupplýsingar.
- (64) Við mat á því hvort upplýsingar falli undir hugtakið innherjaupplýsingar í skilningi 20. gr. a. raforkulaga þarf að beita tveggja þrepa nálgun. Fyrst þarf að leggja mat á hvort um sé að ræða upplýsingar í skilningi 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga, áður en hægt er að leggja mat á hvort að þær upplýsingar hafi eiginleika innherjaupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga. Það eru því ekki allar upplýsingar¹⁷ í víðtækum skilningi undir matinu á innherjaupplýsingum, heldur afmarkast matið við þær upplýsingar sem kveðið er á um í 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga. Sjá eftirfarandi skýringarmynd:

TVÍÞÆTT MAT Á INNHERJAUPLÝSINGUM

Skref 1: Meta hvort upplýsingar séu fyrir hendi

Skref 2: Meta hvort upplýsingar hafi eiginleika innherjaupplýsinga



¹⁷ Upplýsingar geta verið staðreyndir um aðstæður, viðburði, atvik, gögn eða hvers kyns aðrar upplýsingar.



- (65) Í undirkafla 2.2. er byrjað á að fjalla um hvernig Raforkueftirlitið lítur á upplýsingar í skilningi 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga áður en fjallað er um eiginleika innherjaupplýsinga, þ.e. þau fjögur skilyrði sem þurfa að vera til staðar til þess að um innherjaupplýsingar sé að ræða samkvæmt 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga (undirkafla 2.3).

2.2. Hugtakið “upplýsingar” í skilningi 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga

- (66) Í 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga segir um innherjaupplýsingar að:

„Til innherjaupplýsinga teljast nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint, eða óbeint, eina eða fleiri heildsöluorkuafurð og eru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verðmyndun þeirrar heildsöluorkuafurðar sem þær varða.“

- (67) Í 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga er síðan nánar skilgreint hvað er átt við með upplýsingum í orðalagi 1. mgr. sama ákvæðis með eftirfarandi hætti:

1. „Upplýsingar sem skylda er að birta samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum með stoð í þeim og öðrum reglum, þ.m.t. almennum reglum um rekstur og stýringu raforkuflutnings og raforkudreifingar, sbr. 7. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 16. gr.“
2. „Upplýsingar sem varða getu og nýtingu búnaðar til framleiðslu, notkunar eða flutnings raforku, þ.m.t. um skipulegan eða ófyrirséðan ótíltækileika búnaðar.“
3. „Aðrar upplýsingar sem ætla má á að markaðsaðili myndi byggja á við ákvörðun um viðskipti á heildsöluorkuafurðum eða viðskiptafyrirmæli.“

- (68) Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga skulu þær upplýsingar sem skylda er að birta samkvæmt ákvæðum raforkulaga, reglugerðum settum með stoð í þeim og öðrum reglum, þ.m.t. almennum reglum um rekstur og stýringu raforkuflutnings og dreifingar sbr. 7. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 16. gr. raforkulaga, teljast upplýsingar í skilningi 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga. Hið síðastnefnda er gjarnan nefnt sem netmálar flutningsfyrirtækisins innan orkugeirans.

- (69) Upplýsingar samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 543/2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum sem innleidd var með tilvísunaraðferð í reglugerð nr. 10/2020, oftast vísað til sem “Gagnsæisreglugerðin”, teljast sem upplýsingar í skilningi 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga.



- (70) Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga skulu þær upplýsingar sem varða allar fyrirhugaðar og ófyrirséðar breytingar,¹⁸ óháð umfangi, sem varða getu og nýtingu búnaðar til framleiðslu, geymslu, notkunar eða flutnings raforku teljast upplýsingar í skilningi 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga. Þetta á sérstaklega við um allar upplýsingar sem varða:
- Afkasta- og notkunargetu búnaðar eða aðstöðu til framleiðslu raforku, þar með talið fyrirhugað og ófyrirséð ótiltæki slíks búnaðar;
 - Afkasta- og notkunargetu búnaðar eða aðstöðu til geymslu raforku, þar með talið fyrirhugað og ófyrirséð ótiltæki slíks búnaðar;
 - Afkasta- og notkunargetu búnaðar eða aðstöðu til notkunar raforku, þar með talið fyrirhugað og ófyrirséð ótiltæki slíks búnaðar;
 - Afkasta- og notkunargetu búnaðar eða aðstöðu til flutnings raforku, þar með talið fyrirhugað eða ófyrirséð ótiltækni slíks búnaðar;
- (71) Samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga skulu upplýsingar sem ætla má að hinn *skynsami markaðsaðili* myndi að öllum líkindum byggja á við ákvörðun um viðskipti á heildsöluorkuafurðum eða leggja fram viðskiptafyrirmæli um slíkar heildsöluorkuafurðir, teljast til upplýsinga í skilningi 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga.
- (72) Raforkueftirlitið leggur til að við mat á því hvort tiltekna upplýsingar teljist sem slíkar í skilningi 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga, sé notast við mælikvarðann um “skynsaman markaðsaðila”.

Hugtakið skynsamur markaðsaðili

Skynsamur markaðsaðili byggir viðskipta ákvarðanir sínar á fyrirliggjandi upplýsingum sem hann hefur aðgang að. Skynsömum markaðsaðila er lýst sem aðila sem gerir heildstætt mat á fyrirliggjandi upplýsingum (*ex ante upplýsingar*) og tekur tillit til væntanlegra áhrifa upplýsinganna á heildsöluorkuafurð við tiltekna aðstæður. Skynsamur markaðsaðili byggir ekki viðskiptaákvarðanir sínar á tilfinningalegu mati, heldur rökréttri ígrundun áreiðanlegra upplýsinga, að teknu tilliti til þekkingar á markaðinum.

Ákveðnar líkur þurfa að vera fyrir því að skynsamur markaðsaðili noti upplýsingarnar sem grundvöllur að ákvörðun um viðskipti með heildsöluorkuafurð. Það nægir ekki að möguleiki sé á því að markaðsaðili noti upplýsingarnar, heldur þurfa að vera miklar líkur á því. Aftur á móti þurfa upplýsingarnar ekki að hafa úrslitaráhrif á ákvörðun markaðsaðila um viðskiptin, heldur nægir að upplýsingarnar skipti einhverju fræðilegu máli.

Skynsamur markaðsaðili getur tekið til ólíkra tegunda markaðsaðila, þ.e.a.s. bæði til nýrra markaðsaðila og reyndra markaðsaðila, sem kunna að vera með ólíka viðskiptastefnu, bæði með stundarorku eða lengri raforkusölusamninga.

Þegar mælikvarðanum um “skynsaman markaðsaðila” er beitt skal líta til eftirfarandi sjónarmiða:

¹⁸ Breytingar á tiltæki og ótiltæki búnaðar eða aðstöðu til framleiðslu, flutnings, dreifingu, geymslu eða notkun raforku falla einnig hér undir.



- Aðgreina skal hvort “ætla megi að markaðsaðili myndi byggja á upplýsingunum” frá því hvort að “markaðsaðili myndi vilja byggja á upplýsingunum”. Matinu er ekki ætlað að kanna hvort að markaðsaðili óski eftir eða hefði áhuga á tilteknum upplýsingum, heldur meta hvort það sé eðlilegt fyrir markaðsaðila að hafa lögmætar væntingar til þess að slíkar upplýsingar nýtist við ákvarðanatöku.
- Þar af leiðandi skal meta hvort upplýsingarnar séu þess eðlis að með sanngirni megi búast við að þær séu birtar eða gerðar aðgengilegar á markaði. Í dæmaskyni skal nefna að markaðsaðili sem myndi vilja hafa aðgang að viðskiptaáætlun samkeppnisaðila til að móta eigin viðskiptastefnu, felur því ekki í sér að upplýsingar sem ætla má að markaðsaðili myndi byggja fjárfestingaákvörðun sína á í samræmi við 3. tölul. 2. mgr. 20.gr. a., enda eru þær ekki upplýsingar sem með sanngirni má ætla að verði birtar eða gerðar aðgengilegar.
- Sú staðreynd að markaðsaðili hafi áður byggt viðskiptaákvarðanir sínar á sambærilegum upplýsingum, til dæmis á öðrum tímapunkti, getur nýst sem viðmið við mat á því hvort um sé að ræða upplýsingar sem ætla má að skynsamur markaðsaðili myndi byggja á við ákvörðun um viðskipti á heildsöluorkuafurð.

(73) Í reitnum hér að neðan eru sett fram dæmi um atburði og aðstæður og lagt mat á þær í samræmi við viðmið raforkulaga um upplýsingar.



Dæmi um upplýsingar í skilningi raforkulaga

1. Upplýsingar um tiltæka flutningsgetu í kerfinu

- Kerfisstjóri birtir áætlanir um tiltæka flutningsgetu í raforkukerfinu fyrir tiltekið tímabil, ásamt upplýsingum um þá flutningsgetu sem þegar hefur verið ráðstafað, m.a. vegna viðhalds, flutningstakmarkana eða annarra kerfisaðstæðna.

Mat: Þessar upplýsingar teljast upplýsingar í skilningi 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga, þar sem þær varða getu og nýtingu flutningskerfisins og eru upplýsingar sem skylt er að birta samkvæmt raforkulögum og reglum settum með stoð í þeim. Slíkar upplýsingar geta haft áhrif á framboð, eftirspurn og verðmyndun á heildsöluorkumarkaði og falla því undir hugtakið upplýsingar í skilningi laganna.

2. Upplýsingar um fyrirhugað árlegt viðhald framleiðslueiningar¹⁹

- Framleiðandi hyggst framkvæma árlegt viðhald á einingu til framleiðslu raforku með uppsettu afli 50 MW á tímabilinu 1. febrúar til 1. apríl sama árs, sem leiðir til tímabundinnar ótíltæki einingarinnar á því tímabili.

Mat: Þessar upplýsingar teljast upplýsingar í skilningi 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga, þar sem upplýsingarnar varða getu og notkun búnaðar til framleiðslu raforku. Upplýsingar um fyrirhugaða ótíltæki framleiðslueininga geta haft áhrif á markaðsaðstæður og verðmyndun og falla því undir hugtakið upplýsingar í skilningi raforkulaga. Upplýsingar um að ótíltæki sé undir tilteknum aflmörkum (MW) kann að hafa þýðingu við mat á birtingarformi eða umfangi birtingar upplýsinganna²⁰ en breytir ekki því að upplýsingarnar teljast upplýsingar samkvæmt lögunum.

2.3. Hugtakið „innherjaupplýsingar“ í skilningi 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga

- (74) Í 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga segir um innherjaupplýsingar að:

“Til innherjaupplýsinga teljast nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint, eða óbeint, eina eða fleiri heildsöluorkuafurð og eru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verðmyndun þeirrar heildsöluorkuafurðar sem þær varða.”

- (75) Orðalag ákvæðisins ber með sér að til þess að upplýsingar teljist innherjaupplýsingar þurfa upplýsingarnar að hafa fjóra eiginleika, þ.e. upplýsingar sem eru:

¹⁹ Með framleiðslueiningu er átt við búnað eða einingu innan raforkuvinnslu/virkjunar. Raforkuvirkjun getur verið samsett af mörgum einingum til virkjunar raforku.

²⁰ Þ.e. hvort að birta eigin upplýsingarnar í samræmi við reglubundna upplýsingaskyldu samkvæmt reglugerð nr. 543/2013, sbr. rgl. 10/2020 þar sem mörkin eru 100MW, eða hvort um atviksbundna upplýsingaskyldu sé að ræða sem birta þarf samkvæmt 20. hr. h. raforkulaga um opinbera birtingu innherjaupplýsinga.



1. *nægjanlega tilgreindar*
2. *hafa ekki hafa verið gerðar opinberar,*
3. *tengjast, beint eða óbeint, einni eða fleiri heildsöluorkuafurð og,*
4. *væru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar til að hafa marktæk áhrif á verð þeirra heildsöluorkuafurðar sem þær varða.*

- (76) Skilyrðin fjögur eru nánar útskýrð í undirliðum 2.3.1, 2.3.2, 2.3.3 og 2.3.4.
- (77) Markaðsaðili ber ábyrgð á því að leggja mat á hvort fyrirbyggjandi upplýsingar uppfylli eiginleika innherjaupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga, ásamt því að birta slíkar upplýsingar opinberlega í samræmi við 20. gr. h. sömu laga.
- (78) Til að sýna fram á ábyrgð við reglufylgni telur Raforkueftirlitið viðeigandi fyrir markaðsaðila að hafa innri verkferla um mat á innherjaupplýsingum í samræmi við starfsemi markaðsaðila með tilliti til þeirra tegunda upplýsinga sem geta orðið til við starfsemi markaðsaðila, eða sem markaðsaðili hefur aðgang að vegna stöðu, hlutverkum eða skyldna.
- (79) Innri verkferlar markaðsaðila geta meðal annars falið í sér:
- Ramma/verkferil um mat á því hvort fyrirbyggjandi upplýsingar geti talist innherjaupplýsingar. Slíkur rammi getur til dæmis falið í sér ráðstafanir um hvernig innherjaupplýsingar eru greindar, viðeigandi viðmiðunarmörk, o.s.frv.;
 - Viðeigandi verklag um meðferð upplýsinga í þeim tilvikum þegar innherjaupplýsingar eru fyrir hendi. Í dæmaskyni má nefna kortlagningu upplýsingaflæðis innan fyrirtækis, kínamúra milli starfsmanna, og milli deilda, fræðsla, ráðstafanir um hvernig innherjaupplýsingar eru meðhöndlaðar, trúnaður þeirra tryggður og ferill við opinbera birtingu í samræmi við 20. gr. h. raforkulaga.
 - Skrá yfir innherja og/eða ferla eða kerfi sem gera kleift að bera kennsl á innherja.²¹
- (80) Innri verkferlar skulu vera í samræmi við skipulag markaðsaðila og viðskiptastefnu hans.

2.3.1. Nægjanlega tilgreindar

- (81) Í 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga segir að upplýsingar þurfi að vera *nægjanlega tilgreindar* til þess að teljast innherjaupplýsingar.
- (82) Í 3. mgr. 20. gr. a. raforkulaga er nánar tilgreint hvað er átt við með *nægjanlega tilgreindum* upplýsingum, þar sem segir:

„Upplýsingar teljast nægjanlega tilgreindar ef þær varða aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem telja má að verði eða atburð sem hefur átt sér stað eða

²¹ Með innherja er átt við einstakling sem hefur aðgang að innherjaupplýsingum sem tengjast, beint eða óbeint, markaðsaðila, annað hvort á á reglulegum grundvelli eða tilfallandi, *ad hoc*.



sem ætla má að muni eiga sér stað ef þær eru nægjanlega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra á verð heildsöluorkuafurða. Sé um að ræða langvarandi ferli sem ætlað er að ná fram eða sem veldur tilteknum aðstæðum eða tilteknum atburði má líta á þessar aðstæður eða atburð, og milliprep í ferlinu sem tengjast því að ná fram þessum aðstæðum eða atburði, sem nægjanlega tilgreindar upplýsingar.“

(83) Í 4. mgr. 20. gr. a. raforkulaga segir jafnframt:

„Upplýsingar um milliprep í langvarandi ferli teljast vera innherjaupplýsingar ef þær einar og sér uppfylla skilyrði um innherjaupplýsingar samkvæmt þessari grein.“

(84) Matið á nægjanlega tilgreindum upplýsingum skal fara fram af þeim aðila sem hefur upplýsingarnar undir höndum, í hverju tilviki fyrir sig, og ræðst það af eðli upplýsinganna og því samhengi sem þær upplýsingar verða til eða koma fram. Við slíkt mat getur sá sem býr yfir upplýsingunum meðal annars haft eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

- (i) Milliprep í langvarandi ferlum sé um að ræða;
- (ii) Raunhæfar líkur séu á því að tiltekin atburður eða aðstæður muni eiga sér stað;
- (iii) Ályktun um möguleg áhrif upplýsinganna;

(85) Hvert þessara atriða er skýrt nánar hér á eftir, ásamt dæmum:

(i) Milliprep í langvarandi ferlum

(86) Meta þarf hvort að upplýsingarnar séu endanlegar eða ekki endanlegar upplýsingar um atburði eða aðstæður, þ.e. atburði sem eiga eftir að gerast. Það er mikilvæg vegna þess að milliprep í langvarandi ferli getur talist nægjanlega tilgreint til þess að unnt sé að draga mögulega ályktun af áhrifum á heildsöluorkuafurð.²²

(87) Tímamark innherjaupplýsinga²³ er því ekki bundið við endanlegan atburð heldur þegar upplýsingar í ferlinu eru nægjanlega tilgreindar til þess að unnt sé að draga ályktun um áhrif upplýsinganna á heildsöluorkuafurð.

²² Þessi túlkun á skilyrðinu um *nægjanlega tilgreint* er til samræmis við þá túlkun sem er beitt á hliðstæðri skilgreiningu innherjaupplýsinga á fjármálamarkaði, sjá til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins, Mál C-19/11 Markus Gelte g. Daimler AG [2012]. Þar sló Evrópudómstóllinn því á fast að upplýsingar um atburð eða aðstæður þyrftu ekki að vera endanlegar til þess að unnt væri að álykta um möguleg áhrif atburðarins á fjármálagerninga. Um er að ræða samhljóða orðalag í skilgreiningu á regluverki markaðssvika á fjármálamarkaði og heildsöluorkumarkaði og því ber að líta til túlkunar á fjármálamarkaði til fordæmis.

²³ Tímamark innherjaupplýsinga er það tímamark þegar upplýsingar uppfylla alla fjóra eiginleika innherjaupplýsinga og teljast sem slíkar.



- (88) Upplýsingar um milliprep í langvarandi ferli að endanlegum atburði eða aðstæðum á heildsöluorkumarkaði, getur falið í sér forskot sem grefur undan því markmiði og þeim tilgangi sem hátterni og heilleikaákvæðum í raforkulögum er ætlað að vernda, þ.e. að jafna stöðu markaðsaðila til viðskipta og styrkja heilleika markaðarins með tilliti til upplýsingajafnræðis.

Dæmi um milliprep í langvarandi ferli sem leiðir að framtíðaraðstæðum/-atburði

1. Gangsetning nýrra virkjana eða endurræsing virkjana sem hafa verið óvirkar

- Ferlið sem leiðir til gangsetningar nýrrar virkjunar eða endurræsingar virkjunar sem hefur verið ótíltæk getur verið langvinnt og flókið. Helstu áfangar ferlisins geta t.d. verið ákvarðanir stjórnar eða stjórnenda, leyfisveitingar, samþykki stjórnvalda, framkvæmdir, prófanir o.s.frv., og geta talist til millipreps í langvarandi ferli.

Mat: Sumar upplýsingar sem verða til á grundvelli slíkra milliprepa í aðdraganda gangsetningar eða endurræsingar virkjunar geta talist nægjanlega tilgreindar upplýsingar, þar sem þær varða aðstæður sem eru fyrir hendi eða má með sanngirni ætla að muni koma til og hafa áhrif á raunhæfar líkur á því að raforka verði framleidd frá tilteknum tíma.

Til þess að slíkar upplýsingar teljist innherjaupplýsingar þarf jafnframt að meta hvort þrjú hin skilyrðin í köflum 2.3.2 - 2.3.4 séu uppfyllt.

2. Fyrirhugað ótíltæki í flutningskerfi raforku vegna stækkunar- eða endurbótaverkefna

- Ferlið sem leiðir til stækkunar eða verulegra endurbóta á flutningsinnviðum raforkukerfisins er almennt langvinnt og flókið. Helstu áfangar slíks ferlis (t.d. ákvarðanir stjórnar eða stjórnenda markaðsaðila, leyfisveitingar, samþykki eftirlitsaðila, ákvarðanir rekstraraðila flutningskerfis um framkvæmd og tímasetningu ótíltækni, o.s.frv.) teljast milliprep í langvarandi ferli.

Mat: Í þessu samhengi getur ákvörðun (til dæmis um að ráðast í fyrirhugaða framkvæmd á flutningskerfinu sem veldur ótíltæki í hluta flutningskerfis á tilteknu tímabili) talist milliprep í langvarandi ferli, sem engu að síður uppfyllir skilyrði um að vera nægjanlega tilgreindar upplýsingar. Slík ákvörðun er nægjanlega skýr til að gera ályktun mögulega um líkleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburða á verð heildsöluorkuafurða, jafnvel þótt hún sé enn háð frekari samþykktum, svo sem af hálfu Raforkueftirlitsins eða rekstraraðila kerfisins.

Til þess að ákvörðun stjórnar teljist til innherjaupplýsinga, þarf jafnframt að meta hvort þrjú hin skilyrðin í köflum 2.3.2 - 2.3.4 séu uppfyllt.

3. Töf á viðgerð við búnað/aðstöðu til framleiðslu, flutnings, geymslu eða notkun raforku

- Ferlið sem tengist því að gera við búnað/aðstöðu til framleiðslu, flutnings, geymslu eða notkun raforku getur reynst langvinnt og flókið. Komið geta upp aðstæður t.d. töf á sérfræðilpekkingu, afhendingu varahluta, frekara tjón en í upphafi var búist, verkfall viðgerðarmanna o.s.frv. geta valdið því að upphaflegar upplýsingar um það hvenær búnaðurinn verði orðinn virkur standast ekki.

Mat: Endanlegur atburður er að búnaðurinn sem verið er að gera við komist í lag og til starfa. Við viðgerðina sjálfa geta orðið upplýsingar sem varða endanlegan atburð sem teljast upplýsingar um milliprep í langvarandi ferli, sem engu að síður uppfyllir skilyrði um að vera



nægjanlega tilgreindar upplýsinga ef upplýsingarnar eru nægjanlega skýrar til að gera ályktun mögulega um líkleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburða á verð heildsöluorkuafurða, þrátt fyrir að ekki sé um upplýsingar um endanlegan atburð um að ræða.

Til þess að ákvörðun stjórnar teljist til innherjaupplýsinga, þarf jafnframt að meta hvort þrjú hin skilyrðin í köflum 2.3.2 - 2.3.4 séu uppfyllt.

(ii) **Að raunhæfar líkur séu á því að tiltekinn atburður eða aðstæður muni eiga sér stað**

- (89) Líta skal svo á að upplýsingar um atburði sem ekki eru endanlegir, séu nægjanlega tilgreindir þegar *ætla má af sanngirni* að atburðurinn verði fyrir hendi. Við slíkt mat þarf ekki yfirgnæfandi líkur á því að atburður eða aðstæður verði fyrir hendi, þar sem slíkt felur í sér tækifæri til gagnályktunar þrátt fyrir að atburðir gætu verið nægjanlega tilgreindir til að hafa marktæk áhrif, og þar af leiðandi fara gegn markmiðum raforkulaga um gagnsæi og heilleika.²⁴ Réttast er að beita heildarmati á fyrirliggjandi þætti með *raunhæfum* horfum, þ.e. raunhæfum líkum, um að atburðurinn muni eiga sér stað.
- (90) Upplýsingar teljast nægjanlega tilgreindar svo framarlega sem *raunhæfar líkur eða horfur* eru á því að þær aðstæður eða þeir atburðir sem þær varða muni koma til eða eiga sér stað, að teknu tilliti til allra þeirra þátta sem liggja fyrir við matið.²⁵
- (91) Matið felur því í sér líkindi bæði á því hvort að atburðurinn muni eiga sér stað, og hvort sá atburður sé líklegur til að hafa marktæk áhrif á heildsöluorkuafurð, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Dæmi um matið á raunhæfum líkum atburðar/aðstæðna

1. Upplýsingar um yfirvofandi verkfall sem getur haft áhrif á starfsemi raforkuvirkjunar og getu til framleiðslu

Markaðsaðili fær upplýsingar um að verkfallsaðgerðir séu til skoðunar meðal starfsmanna sem gegna lykilhlutverki í daglegum rekstri raforkuframleiðslueiningar, svo sem í virkjun eða tengdum rekstrareiningum.

- Slíkar upplýsingar geta talist fela í sér raunhæfar líkur á atburði, t.d. vegna þess að fyrri reynsla sýnir að sambærilegar aðstæður hafi áður leitt til raunverulegra verkfalla sem höfðu áhrif á framleiðslu eða rekstur viðkomandi einingar. Við matið er litið til allra þeirra þátta sem liggja fyrir á þeim tíma sem markaðsaðilinn metur upplýsingarnar.
- Upplýsingar um mögulegt verkfall geta því talist nægjanlega tilgreindar upplýsingar, þrátt fyrir að enn sé óvissa um hvort verkfallið muni í raun eiga sér stað, hvort það verði aflýst eða hver nákvæm lengd þess verði.

²⁴ Þessi túlkun er í samræmi við túlkun á hugtakinu innherjaupplýsingar á fjármálamarkaði samkvæmt MAR, sbr. dóm Evrópudómstólsins Mál C-628/13 Lafonta [2015]. Hugtakið *innherjaupplýsingar* samkvæmt MAR er samhljóða hugtakinu eins og það kemur fyrir í raforkulögum. Það er því hægt að líta til túlkunar Evrópudómstóls varðandi þá eiginleika sem upplýsingar þurfa að hafa til að teljast innherjaupplýsingar.

²⁵ Sbr. áður nefndur dómur Evrópudómstóls, Mál C-19/11 Markus Gettl g. Daimler AG [2012].



- Frekari þróun málsins (aflýsing verkfalls, breyting á tímasetningum eða áhrif umfangs aðgerða á fjölda starfsmanna) getur haft áhrif á mat á raunhæfum líkum verkfallsins. Slík þróun sem á sér stað eftir að markaðsaðili hefur lagt mat á upplýsingarnar skal þó ekki tekin með í reikninginn við mat Raforkueftirlitsins á því hvort upplýsingarnar hafi verið nægjanlega tilgreindar á þeim tíma sem markaðsaðilinn fékk upplýsingarnar. Markaðsaðila ber þó í öllum tilvikum að uppfæra opinbera birtingu eftir því sem upplýsingarnar þróast.

2. Upplýsingar um töf á viðgerðarvinnu við búnað til framleiðslu raforku

Markaðsaðili hefur tilkynnt um skipulagt ótíltæki búnaðar til framleiðslu raforku vegna viðhalds yfir sumartímann, frá 1. júní – 15. júní. Markaðsaðili fær síðan upplýsingar frá starfsmönnum að varahlutir hafi ekki borist á réttum tíma og ólíklegt en ekki útilokað að hægt verði að ljúka við verkið fyrir 15. júní.

- Slíkar upplýsingar geta talist fela í sér raunhæfar líkur á atburði, t.d. vegna þess að fyrri reynsla sýnir að sambærilegar aðstæður hafi áður leitt til verulegra tafa á viðgerðum sem höfðu áhrif á framleiðslu eða rekstur viðkomandi framleiðslueiningar. Við matið er litið til allra þeirra þátta sem liggja fyrir á þeim tíma sem markaðsaðilinn metur upplýsingarnar.
- Upplýsingar um mögulegar tafir á viðgerðum geta því talist nægjanlega tilgreindar upplýsingar, þrátt fyrir að enn sé óvissa um hvort tafir muni í raun eiga sér stað, eða hver nákvæm lengd viðgerðarinnar verði.
- Frekari þróun málsins (upplýsingar um varahlutina, verkefnaáætlun starfsmanna við verkefnið eða áhrif vegna skipulags ótíltæki annarra framleiðslueininga á markaðinum) getur haft áhrif við mat á raunhæfum líkum á töf viðgerðanna. Slík þróun sem á sér stað eftir að markaðsaðili hefur lagt mat á upplýsingarnar skal þó ekki tekin með í reikninginn við mat Raforkueftirlitsins á því hvort upplýsingarnar hafi verið nægjanlega tilgreindar á þeim tíma sem markaðsaðilinn fékk upplýsingarnar. Markaðsaðila ber þó í öllum tilvikum að uppfæra opinbera birtingu eftir því sem upplýsingarnar þróast.

Þrátt fyrir að enn kunni að ríkja óvissa um nákvæma tímasetningu, umfang eða niðurstöðu slíkra aðgerða, breytir það ekki því að upplýsingarnar geta talist nægjanlega tilgreindar.

(iii) Ályktun um möguleg áhrif upplýsinganna

- (92) Upplýsingar teljast nægjanlega tilgreindar, þegar unnt er að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburða á heildsöluorkuafurð. Ályktun um möguleg áhrif upplýsinga á heildsöluorkuafurð felur í sér heildstætt mat á fyrirliggjandi þáttum, en er samofin matinu á því hvort upplýsingar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á heildsöluorkuafurð. Nánari umfjöllun um matið á marktækum áhrifum er í undirkafla 2.3.4.



- (93) Við mat á mögulegum áhrifum upplýsinga, skiptir ekki máli hvaða áhrif upplýsingarnar hafa heldur nægir að upplýsingarnar séu líklegar til þess að hafa áhrif.²⁶ Það er því ekki skilyrði að upplýsingarnar hafi áhrif á verð heildsöluorkuafurða.

2.3.2. Upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar

- (94) Í 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga segir að upplýsingar mega ekki hafa verið gerðar opinberar til þess að teljast innherjaupplýsingar.
- (95) Innherjaupplýsingar eru upplýsingar sem hafa ekki verið gerðar opinberar og skapa þar af leiðandi upplýsingaskekkju á milli markaðsaðila. Skilvirk opinber birting upplýsinga af hálfu markaðsaðila gagnvart almenningi samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga, er það tímamark sem breytir óopinberum upplýsingum í opinberar upplýsingar. Þegar innherjaupplýsingar hafa verið birtar opinberlega í samræmi við áskilnað 20. gr. h., er ekki lengur upplýsingaskekkja á milli markaðsaðila.
- (96) Almennu teljast upplýsingar opinberar ef þær hafa, af hálfu hvers sem er, verið gerðar aðgengilegar almenningi, þ.e. ótilgreindum fjölda markaðsaðila. Í þessu sambandi skiptir engu máli hver gerði upplýsingarnar opinberar. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort upplýsingarnar hafi verið birtar af markaðsaðila²⁷ eða af öðrum aðila.
- (97) Ákveðnar kröfur eru gerðar til þess með hvaða hætti ber að birta innherjaupplýsingar svo þær telist aðgengilegar almenningi sbr. 20. gr. h. raforkulaga. Þegar þeim kröfum er réttilega framfylgt, þá teljast upplýsingarnar ekki opinberar.
- (98) Þær kröfur sem gerðar eru til opinberrar birtingar er að upplýsingar séu gerðar aðgengilegar öllum markaðsaðilum samtímis, þannig að jafnt aðgengi að upplýsingunum sé tryggt, enda geti hver sá markaðsaðili sem hefur áhuga metið upplýsingarnar. Þetta getur til dæmis átt við þegar notað er aðgengilegt rafrænt kerfi til miðlunar upplýsinga, til dæmis innherjaupplýsingavettvang (e. Inside Information Platform). Birting upplýsinga eingöngu til valins hóps markaðsaðila, til dæmis í gegnum tölvupóst eða upplýsingaborð sem er einungis aðgengilegt aðilum að viðskiptavettvangi, uppfyllir ekki skilyrði um að upplýsa almenning.
- (99) Skilningur Raforkueftirlitsins á því hvað telst skilvirk og tímanleg opinber birting innherjaupplýsinga er sett fram í kafla 3 þessara leiðbeininga.

2.3.3. Upplýsingar sem tengjast heildsöluorkuafurð eða heildsöluorkuafurðum

- (100) Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. a raforkulaga, teljast upplýsingar innherjaupplýsingar ef þær tengjast, beint eða óbeint, einni eða fleiri heildsöluorkuafurðum.

²⁶ Sbr. áðurnefndur dómur Evrópudómstóls, Mál C-628/13 Lafonta [2015].

²⁷ Birting innherjaupplýsinga af öðrum markaðsaðila er þáttur (liður) sem aðeins þarf að taka tillit til við mat á hvort að upplýsingar teljist innherjaupplýsingar. Þegar upplýsingar teljast innherjaupplýsingar liggur skyldan samt sem áður á viðeigandi markaðsaðila til að birta innherjaupplýsingarnar opinberlega í samræmi við 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga.



- (101) Orðalagið felur í sér að upplýsingar tengjast beint eða óbeint heildsöluorkuafurð, ef þær hafa hugsanleg áhrif á eftirspurn, framboð eða verð á heildsöluorkuafurð eða á væntingar þar um.
- (102) Vegna þess að matið á innherjaupplýsingum er tvíþætt, þ.e. að fyrst þurfi að skoða hvort um upplýsingar sé að ræða í skilningi 2. mgr. 20. gr. a. áður en matið er hvort upplýsingarnar hafi eiginleika innherjaupplýsinga, er líklegra en ekki, að undirliggjandi upplýsingar tengist beint eða óbeint heildsöluorkuafurð, og að upplýsingarnar séu þess eðlis sem skynsamur markaðsaðili myndi notfæra sér til grundvallar ákvörðunartöku um viðskipti sbr. 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga.
- (103) Í þessu samhengi gildir að ef upplýsingar eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð heildsöluorkuafurða, teljast þær tengjast heildsöluorkuafurðum. Því er nægjanlegt að leggja mat á líkur á marktækum verðáhrifum til að ákvarða hvort upplýsingar falli undir þetta skilyrði samkvæmt 20. gr. a raforkulaga. Mat á líkum marktækra verðsáhrifa er nánar útskýrt í undirlit 2.3.4.

2.3.4. Marktæk áhrif

- (104) Í 1. mgr. 20. gr. a. raforkulaga segir að upplýsingar þurfi að vera líklegar til þess að hafa marktæk áhrif á verð heildsöluorkuafurðar, yrðu þær gerðar opinberar, til þess að teljast innherjaupplýsingar.
- (105) Matið á marktækum áhrifum er tvíþætt, annars vegar þarf að skoða hvort að skynsamur markaðsaðili sé líklegur til að nota upplýsingarnar sem grundvöll að ákvörðun um viðskipti og hins vegar meta fyrirbyggjandi upplýsingar og upplýsingar sem síðar koma fram.
- (106) Upplýsingar sem að falla undir 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. eru upplýsingar sem skynsamur markaðsaðili myndi nýta sér, sbr. fyrri umfjöllun í kafla 2.2. Falli upplýsingar undir 1. og 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. a. þurfa aðilar að beita mælikvarðanum um “skynsaman markaðsaðila” við matið á marktækum áhrifum. Fjallað var um mælikvarðann í kafla 2.2.
- (107) Þegar Raforkueftirlitið leggur mat á það hvort að mat markaðsaðila á því hvort tiltekna upplýsingar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð og hafi beitt mælikvarða um „skynsaman markaðsaðila“, lítur Raforkueftirlitið meðal annars til eftirfarandi þátta þegar verið er að skoða hvað megi ætlast af hinum skynsama markaðsaðila:
- tegund upplýsinganna sé sambærileg við upplýsingar sem hafa áður haft marktæk áhrif á verð;
 - fyrirbyggjandi greiningarskýrslur, útgáfur verðupplýsinga og álit greiningaraðila bendi til þess að sú tegund upplýsinga sem um ræðir hafi áhrif á verð;
 - markaðsaðilinn sjálfur hafi áður meðhöndlað sambærilega atburði sem innherjaupplýsingar;



- annar skynsamur markaðsaðili hafi þegar meðhöndlað sambærilega atburði sem innherjaupplýsingar;
- skynsamur markaðsaðili myndi að öllum líkindum nota upplýsingarnar sem hluta af grundvelli viðskiptaákvarðana sinna.²⁸

- (108) Þrátt fyrir að hugtakið „*upplýsingar*” í skilningi 1. mgr. 20. gr. a., er afmarkað og tekur eingöngu til þeirra upplýsinga sem taldar eru upp í 2. mgr. 20. gr. a., þá skal við matið á marktækum áhrifum líta til þess að upplýsingarnar þurfi að vera „*þýðingarmiklar*” til þess að geta talist hafa marktæk áhrif á verð heildsöluorkuafurða, og þar með talist upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir markaðsaðila um viðskiptaákvörðun.
- (109) Mikilvægt er þó að hafa í huga að ef upplýsingar eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð, er það nægjanlegt til að uppfylla skilyrðið. Það er ekki gerð krafa um að áhrifin séu veruleg.
- (110) Við matið skal skoða hvort markaðsaðili noti fyrirbyggjandi upplýsingar (*ex ante* upplýsingar). Líta má þó til upplýsinga sem síðar koma fram (*ex post* upplýsingar) til að staðreyna hvort upplýsingarnar hafi verið líklegar til að hafa marktæk áhrif þegar ákvörðun um viðskipti á grundvelli þeirra var tekin.
- (111) Mat á líkunum um marktæk áhrif á verð skal fara fram af markaðsaðila, í hverju tilviki fyrir sig. Við matið skal markaðsaðili taka tillit til væntanlegra áhrifa upplýsinganna, með hliðsjón af eðli upplýsinganna, sem og sérkennum markaðarins og markaðsaðstæðum á þeim tíma sem matið fer fram. Upplýsingar geta haft mismunandi áhrif á markaðsaðila eftir stærð atburðar/aðstæðna. Hér að neðan er sett fram ótæmandi talningu þátta sem almennt geta haft þýðingu við slíkt mat:
- einkenni markaðarins (stærð,²⁹ tímarammi, markaðsfyrirkomulag, seljanleiki, tegund markaðsaðila o.fl.);
 - umfang atburðarins;
 - birtar upplýsingar um stöðu framboðs eða eftirspurnar;
 - tiltækileiki eða ótiltækileiki flutningskerfisins, geymslu eða flutningstakmarkana;
 - tímasetning, t.d. hvort um sé að ræða virkan dag eða helgi, innan eða utan hefðbundins vinnutíma;
 - atviksbundnar tilkynningar, til dæmis gangsetningu nýrrar virkjunar, endurræsingu virkjunar sem hefur verið lögð niður tímabundið o.fl.;
 - tilkynningar flutningskerfisstjóra sem varða kerfið, svo sem ójafnvægi, afhendingaröryggi, tæknilegar flutningstakmarkanir o.fl.;

²⁸ Þessu mati er beitt í samræmi við hvernig það er túlkað á fjármálamarkaði, sjá nánar 4. mgr. 7. gr. MAR.

²⁹ Raforkueftirlitið setur sjálfstæðan viðauka við leiðbeiningar þessarar um nánara mat á stærð.



- aðrar markaðsbreytur sem líklegar eru til að hafa áhrif á verð viðkomandi heildsöluorkuafurðar við tilteknar aðstæður (t.d. veðurfar, verð á losunarheimildum, eldsneytisverð og fréttir af pólitískri eða landfræðilegri þróun o.fl.)

- (112) Eins og vísað er til í undirlið 2.3, er í þessu samhengi mælt með því að markaðsaðilar hafi innri verkferla til að meta hvort tilteknar upplýsingar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð, þ.e. skýrar innri reglur um reglufylgni sem endurspegla þessa ótæmandi talningu þátta og eru aðlagðar bæði að starfsemi markaðsaðilans og þeim sérkennum upplýsinga sem markaðsaðili vinnur með.
- (113) Þar sem mat markaðsaðila á marktækum áhrifum upplýsinga á verð heildsöluorkuafurðar, skal fara fram fyrirfram, þ.e. áður en upplýsingarnar eru birtar og áður en markaðsaðilinn nýtir þær, getur Raforkueftirlitið nýtt upplýsingar sem liggja fyrir eftir á til að sannreyna eða endurskoða slíkt mat. Raforkueftirlitið lítur svo á að ekki skuli grípa til aðgerða gegn markaðsaðilum, sem á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, drógu skynsamar og málefnalegar ályktanir af þeim upplýsingum.

Dæmi um mat á því hvort upplýsingar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð

Uppfærsla á stöðu ófyrirséðrar rekstrarstöðvunar í framleiðslueiningu

Markaðsaðili, sem framleiðir raforku með vatnsaflsvirkjun, verður fyrir ófyrirséðu viðhaldi á framleiðslueiningu sem veldur 50MW ótíltæki í framleiðslueiningu. Markaðsaðili tilkynnir um viðhaldið opinberlega í samræmi við reglur. Markaðsaðili verður síðan þess áskynja að viðhaldið muni tefjast um 2 klukkustundir, frá því sem áður var búist við. Seljanleiki markaðarins fyrir viðkomandi heildsöluorkuafurðir er takmarkaður. Markaðsaðili þarf því að meta hvort slíkar upplýsingar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð.

Við ákvörðun sína skal Markaðsaðili meta hvort hinn *skynsami markaðsaðili* myndi að öllum líkindum nota upplýsingarnar sem hluta af grundvelli viðskiptaákvörðunar sinnar. Við það mat á marktækum áhrifum, áður en að áhrifin koma fram, getur Markaðsaðilinn haft eftirfarandi þætti til hliðsjónar:

Mögulegir þættir	Dæmi um fyrirfram mat markaðsaðila
Einkenni markaðarins	Viðskipti með raforku fara fram á tiltölulega litlum og samþjöppuðum markaði, þar sem fáir stórir framleiðendur og kaupendur starfa. Skammtíamaviðskipti eru takmörkuð og seljanleiki getur verið breytilegur, sérstaklega innan dags.
Umfang atburðarins	Umfang atburðarins er takmarkað, þar sem framlengingin nær einungis til tveggja klukkustunda og 50 MW ótíltæki.
Fyrirliggjandi birtar upplýsingar um framboð eða eftirspurn	Ófyrirséða rekstrarstöðvunin hefur þegar verið tilkynnt og er í gangi. Engar aðrar



	rekstrarstöðvanir eða fyrirhugaðar skerðingar liggja fyrir á sama tíma.
Aðrar takmarkanir í kerfinu	Álag á flutningskerfi er hátt á viðkomandi svæði (innan þessa sniðs), og takmarkaðir möguleikar á að mæta skerðingunni með tilfærslu aflframleiðslu frá öðrum svæðum.
Tími dags	Innan venjulegs vinnutíma.
Tilkynningar flutningskerfisstjóra	Engar sérstakar tilkynningar hafa borist frá flutningskerfisstjóra.
Aðrar markaðsbreytur	Engar marktækar breytingar hafa orðið á vatnsstöðu miðlunarlóna, né liggja fyrir veðurspár sem gefa til kynna óvænta breytingu á framboði eða eftirspurn. Nýjustu tiltæku verðupplýsingar endurspeгла þegar þá rekstrarstöðvun sem áður var tilkynnt.

Mat: Á grundvelli framangreindra þátta, þ.e. takmarkaðs seljanleika á skammtíamarkaði, hárrar nýtingar flutningskerfis á viðkomandi svæði og þess að framlenging rekstrarstöðvunarinnar breytir þeim upplýsingum sem áður höfðu verið birtar á markaði. Markaðsaðili getur því komist að þeirri niðurstöðu að *skynsamur markaðsaðili* myndi að öllum líkindum nota upplýsingar um framlengingu ófyrirséðrar rekstrarstöðvunar sem hluta af grundvelli viðskiptaákvörðunar sinnar. Jafnframt er líklegt að slíkar upplýsingar hafi marktæk áhrif á verð heildsöluorkuafurða. Þetta á sérstaklega við um þær skammtímaafurðir (skammtímaorku) á þeim klukkustundum sem framlenging rekstrarstöðvunarinnar nær til, til dæmis ákveðnar klukkustundir á innandagsmarkaði. Sú niðurstaða er einnig í samræmi við fyrri ákvörðun Markaðsaðila um að birta upphaflegu ófyrirséðu rekstrarstöðvunina opinberlega, þar sem framlengingin felur í sér nýjar viðbótarupplýsingar sem markaðurinn hafði ekki áður aðgang að.

2.3.5. Upplýsingar um viðskiptaáætlanir og viðskiptastefnur

- (114) Raforkueftirlitið lítur svo á að upplýsingar um eigin³⁰ viðskiptaáætlanir og viðskiptastefnur markaðsaðila teljist ekki sem innherjaupplýsingar.

³⁰ Raforkueftirlitið lítur svo á að sérstakar viðskiptaáætlanir og/eða stefnur sem sendar eru aðila eða þriðja aðila sem hefur heimild til að leggja fram, breyta eða afturkalla viðskiptafyrirmæli fyrir hönd markaðsaðila, t.d. milligönguaðila í raforkuviðskiptum, eru ekki innherjaupplýsingar þar sem þær eru hluti af viðskiptaáætlun viðkomandi markaðsaðila. Aftur á móti, felur það í sér að milligönguaðili í raforkuviðskiptum fær upplýsingar um viðskiptaáætlanir og/eða stefnur viðkomandi markaðsaðila. Ef þær upplýsingar uppfylla skilyrði til að teljast innherjaupplýsingar, lítur Raforkueftirlitið svo á að milligönguaðili í raforkuviðskiptum má ekki stunda viðskipti fyrir eigin reikning á grundvelli þessara upplýsinga til að vera í samræmi við 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga. Milligönguaðilinn getur löglega framkvæmt fyrirmælin fyrir hönd markaðsaðila, en ekki notað vitneskju um fyrirmælin til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning. Slíkt myndi teljast „framhjálaups-viðskipti“ (e. front-running).



- (115) Eftirlitið skilgreinir „viðskiptaáætlanir“ sem áætlanir sem fela í sér kerfisbundna aðferð til að meta framboð, eftirspurn eða verð heildsöluorkuafurða, ákvarða hversu mikla áhættu er eða ætti að taka, og/eða móta skammtíma- og/eða langtímafjárfestingarmarkmið sem geta stýrt daglegri viðskiptastarfsemi. Afleiðingar slíkra skammtíma- og/eða langtímafjárfestingarmarkmiða, hvað varðar orkubörf og þar af leiðandi viðskiptafyrirmæli, skulu teljast hluti af viðskiptaáætlunum markaðsaðila og teljast því ekki til upplýsinga í skilningi 2. mgr. 20. gr. a. raforkulaga.
- (116) Eftirlitið skilgreinir „viðskiptastefnur“ sem samansafn hlutlægra reglna sem tilgreinir þá stefnu sem markaðsaðili hefur í viðskiptum út frá þeirri starfsemi sem markaðsaðili hefur. Til dæmis er ekki ólíklegt að framleiðandi með vatnsafla sé með blöndu af langtímaviðskiptum og skammtímaviðskiptum en vindframleiðandi sé að mestu að stunda viðskipti með skammtímaorku. Viðskiptastefna raforkusala getur tekið mið af því hvaða notendur viðkomandi selur o.s.frv.
- (117) Viðskiptastefna getur falið í sér nákvæma skilgreiningu á einu eða fleiri skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að markaðsaðili setji fram, afturkalli eða breyti viðskiptafyrirmælum sem og pöntunartegund (e. order type).
- (118) Þrátt fyrir framangreint, og jafnvel þótt nánari atriði viðskiptastefnu (t.d. tiltekin viðskiptafyrirmæli sem markaðsaðili gefur út) teljist ekki innherjaupplýsingar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. raforkulaga, geta þær upplýsingar um aðstæður eða atburði sem valda því að viðskiptastefnu er breytt, talist innherjaupplýsingar. Til dæmis aukið framboð framleiðanda inn á næstadagsmarkað vegna tímabundinnar lækkunar í eftirspurn hjá stórnotanda.

Dæmi um upplýsingar sem teljast ekki innherjaupplýsingar samkvæmt raforkulögum

1. Upplýsingar um viðskiptafyrirmæli sem markaðsaðili hyggst gefa út á viðskiptadegi

Markaðsaðili hyggst gefa út viðskiptafyrirmæli með eftirfarandi eiginleikum:

Kaup/Sala	Kaupfyrirmæli
Afhendingartími	Raforkuafurð með afhendingu á tiltekinni klukkustund innan viðskiptadags
Magn	50 MW
Verð	3.000 kr.

Mat: Þessar upplýsingar varða tiltekin viðskiptafyrirmæli og eru hluti af viðskiptastefnu og daglegri viðskiptastarfsemi markaðsaðila. Þær endurspegla ekki undirliggjandi markaðsaðstæður, framboð, eftirspurn eða rekstrarstöðu mannvirkja. Þær teljast því ekki innherjaupplýsingar samkvæmt raforkulögum.

2. Ákvörðun markaðsaðila um breytingar á áhættustýringu

Markaðsaðili A tekur ákvörðun um að breyta áhættustýringu sinni og því hvernig raforkubörf hans er mætt. Ákvörðunin felur m.a. í sér breytingar á:



- hlutfalli raforku sem keypt er með langtímasamningum annars vegar og skammtímaviðskiptum hins vegar;
- því hversu stór hluti raforkuþarfar er tryggður fyrirfram með samningum á móti kaupum nær afhendingartíma;
- dreifingu innkaupa yfir mismunandi tímabil og afhendingarglugga.

Mat: Ákvörðun um breytingar á áhættustýringu og innkaupastefnu er almennt hluti af viðskiptaáætlun og langtímastefnu markaðsaðila. Slík ákvörðun endurspeglar innra skipulag og áhættumat markaðsaðilans, en byggir ekki sjálfstætt á óbirtum upplýsingum um markaðsaðstæður. Hún telst því ekki innherjaupplýsing samkvæmt raforkulögum.

3. Skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega

3.1. Inngangur

(119) Þessi kafli fjallar um hvernig Raforkueftirlitið lítur á skylduna til að birta innherjaupplýsingar opinberlega í skilningi 20. gr. h. raforkulaga, nr. 65/2003.

(120) Í 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga segir:

„Markaðsaðilar skulu birta opinberlega, á skilvirkan hátt og tímanlega innherjaupplýsingar sem þeir búa yfir er varða fyrirtæki eða aðstöðu sem hlutaðeigandi markaðsaðili, eða móðurfyrirtæki hans eða tengt fyrirtæki, á eða hefur yfirráð yfir eða ber rekstrarlega ábyrgð á að öllu eða nokkru leyti. Markaðsaðili skal tryggja að innherjaupplýsingarnar séu gerðar opinberar með þeim hætti sem gerir almenningi kleift að fá skjótan aðgang að upplýsingunum og leggja fullt, rétt og tímanlegt mat á þær. Jafnframt skal birta upplýsingar sem skipta máli um afkastagetu og notkun á búnaði til framleiðslu, geymslu, neyslu eða flutnings orku, þ.m.t. skipulagða og ófyrirséða óvirkni búnaðar sem umræddar innherjaupplýsingar varða.“

(121) Skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega hvílir á markaðsaðila samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga. Upplýsingaskyldan tekur ekki aðeins til innherjaupplýsinga sem varða eigin starfsemi markaðsaðila eða aðstöðu/búnað í eigu markaðsaðila, heldur einnig til innherjaupplýsinga sem varða móðurfélag markaðsaðilans eða tengd félög. Þar að auki nær upplýsingaskyldan ekki einungis til innherjaupplýsinga sem varða starfsemi eða aðstöðu/búnað sem markaðsaðilinn eða viðkomandi félög eiga eða hafa stjórn á, heldur einnig til starfsemi eða aðstöðu/búnaðar sem markaðsaðilinn eða viðkomandi félög bera rekstrarábyrgð á, að hluta eða öllu leyti.

(122) Upplýsingaskylda vegna innherjaupplýsingar á ekki við um einstakling eða markaðsaðila sem býr yfir innherjaupplýsingum sem varða starfsemi eða búnað/aðstöðu annars markaðsaðila, að því marki sem sá sem býr yfir upplýsingunum er hvorki móðurfélag né tengt félag þess markaðsaðila.



Aðilar sem búa yfir upplýsingum í slíkum tilvikum þurfa samt sem áður að vera meðvitaðir um skyldu sínar í samræmi við 20. gr. b. um bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga, og hvort þeir hafi stöðu innherja í samræmi við upptalningu í 2. mgr. 20. gr. b. raforkulaga. Einstaklingar sem hafa slíkar upplýsingar skulu láta viðeigandi markaðsaðila vita til þess að tryggja skilvirka og tímanlega opinbera birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við áskilnað 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga.

3.2. Skilvirk birting innherjaupplýsinga

3.2.1. Birting innherjaupplýsinga

- (123) Það er forsenda fyrir gagnsæi á heildsöluorkumarkaði, að innherjaupplýsingar séu birtar með þeim hætti sem gerir almenningi kleift að leggja rétt og tímanlegt mat á upplýsingarnar.
- (124) Tryggja skal að upplýsingarnar berist sem víðtækustum hópi og öllum notendum upplýsinganna sé veittur greiður og jafn aðgangur að upplýsingunum. Til að ná fram skilvirkni í birtingu í samræmi við þann áskilnað sem gerður er í 20. gr. h. raforkulaga til opinberrar birtingar getur birting á miðlægum innherjaupplýsingavettvangi almennt verið til þess fallin að uppfylla kröfur um opinbera, skilvirka, tímanlega og jafna birtingu innherjaupplýsinga. Notkun slíks vettvangs er þó ekki skilyrði ef önnur birtingarleið uppfyllir skilyrði raforkulaga og reglugerðarinnar.
- (125) Miðlægur innherjaupplýsingavettvangur (e. Inside Information Platform, IIP) er rafrænt kerfi til miðlunar upplýsinga sem gerir mörgum markaðsaðilum kleift að birta upplýsingar til almennings á sama stað. Slíkir vettvangar eru sniðnir að þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til opinberrar og skilvirkar birtingar innherjaupplýsingar, sem fjallað er um í undirkafla 3.2.2., og einfalda þar með verkferla markaðsaðila til að birta innherjaupplýsingar, og nálgast slíkar upplýsingar.
- (126) Í leiðbeiningum þessum er hugtakið miðlægur innherjaupplýsingavettvangur notað sem lýsandi hugtak um rafrænan miðil eða upplýsingavettvang sem býður markaðsaðilum þjónustu við opinbera birtingu innherjaupplýsinga. Hugtakið felur ekki í sér sjálfstæða skilgreiningu eða viðurkenningu samkvæmt reglugerðinni.
- (127) Það að nota miðlægan vettvang fyrir birtingu innherjaupplýsinga sem sjálfgefna leið til upplýsingagjafar er meðal annars skynsamlegt vegna þess að:
 - (a) Slík birtingaraðferð samræmist þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til opinberrar birtingar samkvæmt ákvæði 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga og [xx. gr. reglugerðar nr. XX/XXXX], þar sem kveðið er á um að markaðsaðilar skuli birta innherjaupplýsingar opinberlega, á skilvirkan hátt og tímanlega, þannig að almenningi sé tryggður skjóttur aðgangur að upplýsingunum og unnt sé að leggja á þær fullt, rétt og tímanlegt mat. Með því að nýta miðlægan innherjaupplýsingavettvang er stuðlað að því að upplýsingarnar séu gerðar aðgengilegar á einum stað, með jöfnum hætti fyrir alla markaðsaðila, og í samræmi við kröfur laganna um skilvirka og gagnsæja opinbera birtingu.



- (b) Slík birtingaraðferð dregur úr fjölda aðferða sem notast er við til birtingar meðal markaðsaðila, og minnkar verulega það flækjustig og þá fyrirhöfn sem markaðsaðilar þurfa að leggja í til að nálgast og nýta þær upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur um opinbera birtingu innherjaupplýsinga.
- (c) Birtingaraðferð á upplýsingavettvangi er einnig birtingaraðferð sem samræmist þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til reglubundinnar upplýsingabirtingar um samhliða, heildstæða og skilvirka birtingu á grundvelli tilskipunar nr. 2009/73/EB, framkvæmdareglugerðar ESB nr. 543/2013³¹ og netmálum flutningsfyrirtækisins. Undir það falla þær upplýsingar sem skylda er að birta samhliða innherjaupplýsingum.
- (d) Slík birtingaraðferð er hliðstæð þeim kröfum sem gilda um rafræna birtingu innherjaupplýsinga á fjármálamarkaði samkvæmt framkvæmdareglugerð ESB nr. 2016/1055³² til að uppfylla skyldu 1. mgr. 17. gr. MAR. Þetta fyrirkomulag er ætlað að komast hjá því að tvítaka upplýsingaskyldu innherjaupplýsinga sem í senn falla bæði undri gildissvið raforkulaga og MAR.
- (128) Til að auðvelda markaðsaðilum að uppfylla skyldur sínar um opinbera birtingu innherjaupplýsinga getur Raforkueftirlitið, að beiðni markaðsaðila eða að eigin frumkvæði, lagt leiðbeinandi mat á hvort tiltekin birtingarleið eða tiltekinn upplýsingavettvangur sé almennt til þess fallinn að uppfylla kröfur raforkulaga og reglugerðarinnar.
- (129) Í kafla 3.2.2. er fjallað um atriði sem geta haft þýðingu við mat á því hvort birtingarleið eða upplýsingavettvangur sé almennt til þess fallinn að tryggja skilvirka opinbera birtingu innherjaupplýsinga, þar á meðal tæknilega uppbyggingu, aðgengi, rekstraröryggi og gæði upplýsingamiðlunar.
- (130) Birting á vefsvæði markaðsaðila eða með öðrum rafrænum hætti getur, eftir atvikum, nýst sem birtingarleið eða viðbótarleið til upplýsingagjafar, enda uppfylli birtingin skilyrði 20. gr. h raforkulaga og reglugerðarinnar. Ef markaðsaðili nýtir fleiri en eina birtingarleið ber honum að tryggja að upplýsingarnar sem þar eru birtar séu samræmdar og að birtingin sé ekki til þess fallin að valda misskilningi á markaði.
- (131) Birting innherjaupplýsinga á miðlægum vettvöngum getur auðveldað öllum markaðsaðilum aðgang að upplýsingum og stuðlar að auknu gagnsæi á markaði í heild. Jafnframt dregur slík lausn úr tæknilegri og stjórnsýslulegri byrði markaðsaðila. Í þessu samhengi er gert ráð fyrir að markaðsaðilar upplýsi Raforkueftirlitið um það hvar markaðsaðili birtir innherjaupplýsingar, og

³¹ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 13. júní 2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009. Lögfest hér á landi með reglugerð nr. 10/2020. Sjá tilvísun í 2. formála reglugerðarinnar.

³² Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1055 frá 29. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tæknilegar leiðir til viðeigandi opinberrar birtingar innherjaupplýsinga og til að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 [2016] OJ L 173



uppfæri Raforkueftirlitið ef þar verða breytingar á. Raforkueftirlitið getur birt opinberlega á vefsíðu sinni lista yfir miðlæga innherjaupplýsingavettvanga til að almenningur og markaðsaðilar geti með einföldum hætti áttað sig á því hvar innherjaupplýsingar eru aðgengilegar.

3.2.2. Lágmarkskröfur sem gerðar eru til skilvirkrar birtingar í skilningi 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga

(132) Við mat á því hvort birtingarleið eða upplýsingavettvangur sé almennt til þess fallinn að tryggja skilvirka opinbera birtingu innherjaupplýsinga geta eftirfarandi atriði haft þýðingu:

- Upplýsingum skal dreift með þeim hætti að þær geti náð til eins marga og kostur er á öllum heildsöluorkumarkaði innan íslenskrar lögsögu samtímis.
- Upplýsingunum skal dreift til almennings á jafnræðisgrundvelli fyrir alla notendur upplýsinganna, og skulu vera aðgengilegar að kostnaðarlausu.
- Notast skal við rafrænar lausnir sem tryggja að heilleiki, nákvæmni og trúnaður þeirra upplýsinga sem markaðsaðilar birta á vettvanginum haldist í upprunalegu formi eins og markaðsaðili birti þær, skráningu tíma og varðveislu upplýsinganna.
- Innherjaupplýsingar skulu gerðar opinberar með þeim hætti að vettvangurinn hafi getu til virkrar dreifingar upplýsinganna, með það markmið að ná til almennings í heild og sérstaklega í þeim tilgangi að tryggja greiðan og skjótan aðgang almennings að innherjaupplýsingum.
- Birtingarleiðin styðji, eftir því sem við á, virka dreifingu innherjaupplýsinga með vefveitum eða sambærilegum lausnum þannig að Raforkueftirlitið geti safnað upplýsingunum og markaðsaðilar unnið úr þeim með skilvirkum hætti.
- Síun upplýsinga, þar á meðal sögulegra upplýsinga, eftir viðeigandi gagnaflokkum skal vera möguleg til að stuðla að skilvirkri notkun þeirra, meðal annars með því að gera upplýsingarnar aðgengilegar á formi sem hægt er að hlaða niður.
- Sögulegar innherjaupplýsingar, þar með talið allar breyttar eða uppfærðar upplýsingar, skulu vera aðgengilegar almenningi í að minnsta kosti fimm ár eftir að viðkomandi atvikum lýkur.
- Saga fyrri birtinga sem varða sama atvik skal vera auðveldlega aðgengileg og skal vera til staðar virkni sem tengir eldri birtingar við nýjar birtingar á skýran og notendavænan hátt.
- Tryggja skal fullnægjandi tvöföldunarkerfi,³³ afritun og/eða varalausnir, ásamt því að tafir á birtingu og óaðgengi að þeirri þjónustu sem vettvangurinn veitir séu haldin í lágmarki.
- Upplýsingar séu birtar á íslensku og ensku, eftir því sem við á og í samræmi við reglugerðina.

³³ Á ensku „effective redundancy“. Um er að ræða tvöföldun sem er í reynd nægilega sjálfstæð og öflug til að tryggja rekstur ef að bilun verður á vettvanginum.



- Rekstraraðili vettvangsins skal koma á fót skilvirku verklagi til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra gagnvart markaðsaðilum.
- (133) Við mat á því hvort markaðsaðili hafi fullnægt skyldu sinni til opinberrar birtingar kann Raforkueftirlitið að líta til þess hvort tímabundin tæknileg truflun hafi verið utan áhrifasviðs markaðsaðila og hvort hann hafi gripið til eðlilegra ráðstafana til að tryggja birtingu upplýsinganna með öðrum hætti eins fljótt og unnt var. Slík atvik leysa markaðsaðila þó ekki undan ábyrgð á því að meta hvort og hvernig hann uppfylli bann við innherjasvikum samkvæmt 20. gr. b raforkulaga þar til upplýsingarnar hafa verið birtar opinberlega.
- (134) Auk þess ættu innherjaupplýsingar að vera settar fram eins hnitmiðaðar og sértækar og sanngjarnt er, jafnframt því að vera nægjanlega nákvæmar og tæmandi til að tryggja réttan skilning á þeim atvikum sem kunna að hafa áhrif á verð heildsöluorkuafurða. Við opinbera birtingu innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. h raforkulaga skal tryggt að framsetning upplýsinga sé stöðluð og skýr, þannig að almenningur og markaðsaðilar geti með einföldum hætti greint eðli, umfang og tímasetningu viðkomandi atvika. Birtingar ættu að innihalda þær lágmarksupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skilja atvikið sem um ræðir, eftir því sem við á. Birtingarleið eða upplýsingavettvangur ætti, eftir því sem við á, að styðja þá upplýsingareiti sem nauðsynlegir eru til slíkrar birtingar.
- (135) Hver birting skal ekki innihalda yfirlýsingar eða fréttir frá framkvæmdastjórum og stjórnendum fyrirtækja, hvorki auglýsingar eða aðrar upplýsingar sem ekki eru innherjaupplýsingar. Af sömu ástæðu skal forðast að setja fyrirvara við birtingu innherjaupplýsinga. Ef fyrirvarar eru notaðir, skulu þeir vera skýrt aðskildir frá meginmáli þeirra upplýsinga sem birtar eru.
- (136) Þegar opinber birting innherjaupplýsinga felur í sér mat eða spá, til dæmis um áætlaða tímalengd truflunar, er viðurkennt að slík spá felur óhjákvæmilega í sér ákveðna óvissu. Raforkueftirlitið lítur svo á að markaðsaðili telst engu að síður hafa uppfyllt skyldur sínar um opinbera birtingu innherjaupplýsinga samkvæmt raforkulögum ef spáin byggist á þeim gögnum sem fyrir liggja hverju sinni og hefur verið unnin af hæfilegri kostgæfni, þ.e. byggir á raunhæfu mati á þeim gögnum sem liggja fyrir. Ef forsendur breytast eða nýjar upplýsingar liggja fyrir ber að uppfæra birtinguna svo fljótt sem auðið er þegar nýjar upplýsingar koma fram.
- (137) Skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega, hefur ekki áhrif á beitingu samkeppnislaga nr. 44/2005.
- (138) Raforkueftirlitið lítur svo á að opinber birting innherjaupplýsinga sem er ófullnægjandi eða röng teljist ekki skilvirk birting og feli því í sér brot gegn skyldu markaðsaðila til opinberrar birtingar samkvæmt 20. gr. h raforkulaga.

3.3. Tímanleg birting innherjaupplýsinga

- (139) Raforkueftirlitið lítur svo á að orðalagið tímanleg birting skuli túlkað með hliðsjón af eftirfarandi:



- Ef innherjaupplýsingar eru þess eðlis sem falla einnig undir reglubundna upplýsingaskyldu, þ.e. upplýsingar sem ber að birta samkvæmt raforkulögum, reglugerðir og netmála með stoð í raforkulögum og reglugerðum, þ.m.t. upplýsingar sem hafa verið birtar á grundvelli gagnsæisreglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 543/2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum, telst birtingin vera skilvirk. Rétt er að árétta að þótt slík birting teljist uppfylla kröfur um skilvirka opinbera birtingu felur hún ekki sjálfkrafa í sér að birtingin hafi verið tímanleg. Með öðrum orðum, gerður er greinarmunur á tímanlegu og skilvirkri birtingu. Innherjaupplýsingar skulu, í öllum tilvikum, birtar áður en viðskipti með þær heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar varða fara fram eða áður en öðrum er ráðlagt eða hvattir til að eiga slík viðskipti.
- Ef innherjaupplýsingar falla ekki undir reglubundna upplýsingaskyldu skal miða við að slíkar upplýsingar séu birtar eins fljótt og unnt er. Í framkvæmd kann Raforkueftirlitið að líta til þess hvort upplýsingar hafi verið birtar sem næst rauntíma og án ástæðulausrar tafar frá því að þær urðu til, en slíkt mat fer eftir atvikum hverju sinni. Í öllum tilvikum skulu innherjaupplýsingar þó vera birtar áður en viðskipti fara fram með þær heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar varða eða áður en öðrum er ráðlagt eða þeir hvattir til að eiga slík viðskipti.

(140) Raforkueftirlitið lítur svo á að markaðsaðilar ættu að móta skýra innri verkferla sem miða að opinberri birtingu innherjaupplýsinga í rauntíma eða sem næst rauntíma, umfram þá lágmarkskröfu sem leiðir af gildandi reglum um gagnsæi á raforkumarkaði samkvæmt raforkulögum, reglugerðum settum með stoð í þeim og netmálum.

3.4. Frestun á birtingu innherjaupplýsinga

(141) Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. h raforkulaga er markaðsaðila í undantekningartilvikum heimilt að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga:

„Í undantekningartilvikum er markaðsaðila heimilt að fresta á eigin ábyrgð birtingu innherjaupplýsinga þegar það er nauðsynlegt til að skerða ekki lögmæta hagsmuni hans. Það er skilyrði að frestunin sé ekki líkleg til þess að villa um fyrir almenningi, markaðsaðili geti tryggt trúnað um upplýsingarnar og taki ekki ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorkuvörur á grundvelli þeirra. Markaðsaðili skal án tafar tilkynna Raforkueftirlitinu um upplýsingarnar ásamt rökstuðningi fyrir frestun birtingar.“

(142) Ákvörðun um að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 20. gr. h. raforkulaga er á ábyrgð markaðsaðila sjálfs. Það er ekki hlutverk eftirlitsaðila að veita fyrirfram samþykki fyrir beitingu ákvæðisins í tilteknum aðstæðum.

(143) Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. h. þurfa þrjú skilyrði að vera fyrir hendi til þess að markaðsaðila sé tækt að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga:



- að frestunin sé ekki líkleg til þess að villa fyrir um almenningi,
- að markaðsaðili geti tryggt trúnað um upplýsingarnar og,
- að ekki séu teknar ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorkuafurðir á meðan frestunin er.

- (144) Um leið og þeir lögmætu hagsmunir sem réttlættu frestun birtingar eru ekki lengur fyrir hendi ber markaðsaðila að birta innherjaupplýsingarnar í samræmi við 1. mgr. 20. gr. h. laganna.
- (145) Þar sem 2. mgr. 20. gr. h. gerir skýlausa kröfu um að markaðsaðili taki ekki ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorkuafurðir á grundvelli viðkomandi innherjaupplýsinga leiðir að ákvæðið getur ekki átt við samhliða undanþágu samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003.
- (146) Beiting 2. mgr. 20. gr. h. raforkulaga er einungis unnt að meta eftir á, með hliðsjón af þeim aðstæðum sem voru uppi þegar ákvörðun um frestun var tekin. Hvort markaðsaðili hafi með réttum eða röngum hætti beitt heimild til frestunar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. h. raforkulaga verður af hálfu Raforkueftirlitsins einungis metið eftir á.
- (147) Til að aðstoða markaðsaðila sem sæta skyldu til að tilkynna um frestun opinberrar birtingar innherjaupplýsinga samkvæmt 2. mgr. 20. gr. h. raforkulaga, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, hefur Raforkueftirlitið þróað staðlað tilkynningarsnið, sem ætlað er að stuðla að samræmdri framkvæmd. Hið rafræna tilkynningarsnið er gert aðgengilegt á vefsvæði Raforkueftirlitsins.

4. Bann við innherjasvikum og ólögmati miðlun innherjaupplýsinga

4.1. Inngangur

- (148) Samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga, nr. 65/2003 er þeim sem býr yfir innherjaupplýsingum um heildsöluorkuafurðir óheimilt að:

(i) nota þær upplýsingar til að leggja fram viðskiptafyrirmæli, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, annaðhvort beint eða óbeint, um þá heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða;

(ii) miðla þeim upplýsingum til annarra nema miðlunin sé í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur; eða

(iii) ráðleggja eða hvetja markaðsaðila til að kaupa eða selja heildsöluorkuafurð á grundvelli upplýsinganna. Láti markaðsaðili til leiðast eftir slíkar ráðleggingar eða hvatningu telst það innherjasvik skv. 1. tölul. Ef



sá hinn sami veit eða mætti vita að ráðleggingin eða hvatningin grundvallast á innherjaupplýsingum.

- (149) Markmið þessa kafla er að leiðbeina markaðsaðilum um hvernig bannið samkvæmt raforkulögum skuli fylgt í framkvæmd.
- (150) Undirkafla 4.2 skýrir hugtak innherjasvik eins og það er afmarkað í 20. gr. b raforkulaga, lýsir ólíkum birtingarmyndum slíkrar háttsemi og fjallar um helstu efnispætti skilgreiningarinnar. Undirkaflinn inniheldur jafnframt dæmi sem eiga við heildsöluorkumarkað, til að styðja við túlkun reglna af hálfu markaðsaðila. Í undirkafla 4.3 er lagður fram listi yfir vísbendingar sem geta aðstoðað markaðsaðila við að greina möguleg innherjasvik. Vísbendingarnar ná bæði til einfaldra merkja og flóknari háttsemi, þar sem gjarnan koma saman nokkur ólík merki samtímis. Í undirkafla 4.4 er byggt á þeirri greiningu sem sett er fram í undirkafla 1.4, og tilgreint hvaða tegundir lögaðila og einstaklinga falla undir gildissvið bannákvæði innherjasvika samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga. Jafnframt er þar fjallað um þá aðila sem eru sérstaklega tilgreindir í 2. mgr. ákvæðisins í tengslum við bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga. Undirkaflinn inniheldur einnig dæmi um mismunandi tegundir aðila sem þessar reglur taka til. Að lokum er í undirkafla 4.5 fjallað um undanþágur frá banni við innherjasvik samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga, og skýrt við hvaða aðstæður bannið á ekki við. Undirkaflinn miðar að því að veita markaðsaðilum skýra og hagnýta leiðsögn um beitingu undanþágna í framkvæmd.

4.2. Skilgreining á innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga

- (151) Samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga, er bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga flokkað í þrjár meginbirtingarmyndir. Þeim sem býr yfir innherjaupplýsingum í tengslum við heildsöluorkuafurð er óheimilt að:
- 1. Nota þær upplýsingar til að leggja fram viðskiptafyrirmæli, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, annaðhvort beint eða óbeint, um þá heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða.*
 - 2. Miðla þeim upplýsingum til annarra nema miðlunin sé í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur.*
 - 3. Ráðleggja eða hvetja markaðsaðila til að kaupa eða selja heildsöluorkuafurð á grundvelli upplýsinganna. Láti markaðsaðili til leiðast eftir slíkar ráðleggingar eða hvatningu telst það innherjasvik skv. 1. tölul. ef sá hinn sami veit eða mætti vita að ráðleggingin eða hvatningin grundvallast á innherjaupplýsingum.*
- (152) Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, tekur bannið til notkunar innherjaupplýsinga við framlagningu, afturköllun eða breytingu viðskiptafyrirmæla um heildsöluorkuafurðir. Með framlagningu viðskiptafyrirmæla er átt við sjálfstæða athöfn sem telst til viðskiptatengdrar háttsemi, óháð því hvort fyrirmælin leiði til raunverulegra viðskipta. Það skiptir því ekki máli hvort



tilboð er samþykkt, hafnað eða fellur úr gildi án þess að viðskipti fari fram. Bannið nær þannig ekki einungis til tilvika þar sem viðskipti eru framkvæmd, heldur einnig til aðgerða sem fela í sér tilraun til viðskipta, svo sem þegar viðskiptafyrirmæli eru lögð fram, breytt eða afturkölluð á grundvelli innherjaupplýsinga, jafnvel þótt slík fyrirmæli leiði ekki til viðskipta í reynd.

- (153) Aðeins 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, felur í sér *notkun* innherjaupplýsinga við viðskipti eða tilraunir til viðskipta með heildsöluorkuafurðir og telst því háttsemi sem á sér stað „á markaði”³⁴, þ.e. háttsemi sem á sér stað með að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum eða viðskiptum. Hinir tveir töluliðir 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga varða annars vegar ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga og hins vegar ráðleggingar eða hvatningu til viðskipta á grundvelli innherjaupplýsinga. Slík háttsemi er ekki athöfn sem felur í sér að leggja fram viðskiptafyrirmæli, breyta eða afturkalla eða viðskiptum heldur er hegðun “utan markaðar”.
- (154) Taflan hér að neðan dregur saman helstu birtingarmyndir sem fjallað verður nánar um í eftirfarandi undirköflum.

Tegundir innherjasvika og ólögmætrar miðlun innherjaupplýsinga		
	Tilraun	Framkvæmd
Á markaði	Notkun innherjaupplýsinga með því að reyna að kaupa eða selja heildsöluorkuafurðir	Notkun innherjaupplýsinga með því að kaupa eða selja heildsöluorkuafurðir
“Utan markaðar”		Miðlun innherjaupplýsinga ³⁵ Ráðleggingar eða hvatning til að kaupa eða selja heildsöluorkuafurðir.

- (155) Við mat á því hvort aðili hafi brotið gegn banni við innherjasvikum, eða tilraun til innherjasvika, skal líta til markmiðs bannákvæðanna, sem er að tryggja gagnsæi og heilleika heildsöluorkumarkaðarins og að jafnræði ríki milli markaðsaðila. Þegar aðili býr yfir innherjaupplýsingum skapast ósanngjarnt forskot gagnvart öðrum markaðsaðilum í viðskiptum sem hafa ekki aðgang að sömu upplýsingum, og leiðir það til upplýsingaskekkju á markaðnum.

³⁴ Með “á markaði” er átt við að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum á heildsöluorkumarkaði (þ.m.t. OTC-viðskipti).

³⁵ Miðlun innherjaupplýsinga í skilningi 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er annað en opinber birting innherjaupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga.



Slík ósamhverfa upplýsinga grefur undan gagnsæi og heilleika heildsöluorkumarkaðarins, sem og trausti og starfsháttum markaðsaðila.

- (156) Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er það ekki skilyrði að sú upplýsingaskekkja sem kann að myndast, eða það forskot sem markaðsaðili hefur umfram aðra markaðsaðila þegar hann býr yfir innherjaupplýsingum sé metið til fjárhagslegs ávinnings fyrir þann sem í hlut á, þegar kemur að broti á 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga.
- (157) Til þess að háttsemi teljist innherjasvik og þar með brot gegn 1. mgr. 20. gr. b., er ekki nauðsynlegt að sýnt sé fram á að viðskipti hafi skilað hagnaði, að miðlun upplýsinga hafi tryggt ávinning eða að ráðleggingar hafi leitt til fjárhagslegs ábata fyrir aðila. Við mat á því hvort háttsemi falli undir bannið er því áhersla lögð á eðli og notkun innherjaupplýsinga, fremur en á raunverulegar afleiðingar hennar í formi hagnaðar eða taps.
- (158) Bann við notkun innherjaupplýsinga gildir frá því tímamarki sem lögaðili eða einstaklingur öðlast slíkar upplýsingar. Ábyrgð vegna innherjasvika getur því stofnast um leið og aðili grípur til háttsemi sem fellur undir bannákvæðið, þar á meðal þegar hann hefur viðskipti eða leggur fram viðskiptafyrirmæli á grundvelli innherjaupplýsinga, reynir að eiga viðskipti á slíkum grundvelli, miðlar innherjaupplýsingum til annarra, eða ráðleggur eða hvetur til viðskipta á grundvelli innherjaupplýsinga.
- (159) Við mat á því hvort háttsemi feli í sér brot gegn banni við innherjaviðskiptum samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga, skal jafnframt meta í hvaða mæli sá aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum hefur uppfyllt skyldur sínar um opinbera birtingu innherjaupplýsinga, sbr. 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga.
- (160) Raforkulög eru í samræmi við grundvallarréttindi samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, þ.m.t. þegar kemur að tjáningarfrelsi og frelsi til miðlun upplýsinga í þágu fjölmiðla eða listrænnar tjáningar. Hins vegar er þessu frelsi settar skorður í raforkulögum þar sem kveðið er á um að óheimilt er að misnota tjáningarfrelsi. Slík misnotkun felst í að: i) aðili hlýtur ótilhlýðilegan ávinning eða hagnað af miðlun upplýsinga; eða ii) miðlun eða birting upplýsinga er gerð í þeim tilgangi að villa um fyrir markaðnum, m.a. varðandi framboð, eftirspurn eða verð heildsöluorkuafurða. Við slíkar aðstæður getur miðlunin talist brot á bannákvæðum um markaðsmisnotkun, samkvæmt 20 gr. e. raforkulaga, sbr. 20. gr. c. og 20. gr. d.
- (161) Réttmæt beiting fjölmiðlafrelsis krefst þess að viðkomandi aðili hagi störfum sínum í góðri trú og af fagmennsku og í samræmi við lög og viðurkenndar siðareglur fjölmiðla. Þar á meðal felst skylda til að fylgja verklagi sem tryggir sannprófun, nákvæmni og trúverðugleika þeirra upplýsinga sem fyrirhugað er að miðla.
- (162) Af því leiðir að fjölmiðlar, upplýsingaveitur, lögaðilar eða einstaklingar, sem miðla eða dreifa upplýsingum um þróun á heildsöluorkumarkaði, sem og greiningum eða spám um framboð, eftirspurn eða verð heildsöluorkuafurða, geta brotið gegn bannákvæðum raforkulaga, ef prentfrelsi eða tjáningarfrelsi er misnotað við slíka miðlun.



Dæmi um misnotkun á tjáningarfrelsi

1. Upplýsingar um yfirvofandi orkuskort sem hækkar verðmat markaðsaðila á heildsöluorkuafurð og gefur villandi mynd af framboð, eftirspurn og verð heildsöluorkuafurða

Stjórnandi á vegum framleiðanda kemur fram í fjölmiðlum í október til þess að vara við orkuskorti og segir um 90% líkur á að orkuskortur verði fyrir komandi vetrarmánuði. Orkuskorturinn muni leiða til þess að stórnotendur verði settir á skerðanlega orku, og sumir muni ekki fá afhenta þá forgangsorku sem þeir hafa samið um. Stjórnandinn veitir upplýsingarnar í góðri trú um að þær muni veita almenningi aukið gagnsæi um stöðu framleiðandans til framleiðslu raforku og þannig stuðla að gagnsæi á markaði. Þá telur stjórnandinn fjölmiðla verða besta leiðin til að miðla þessum upplýsingum samtímis til allra viðskiptavina sinna (stórnotanda).

Eftirlitsaðilar á orkumarkaði sem hafa lögbundið eftirlit með afhendingaröryggi hafa hins vegar ekki gefið út opinbera tilkynningu, spá eða upplýsingar um það að orkuskortur sé yfirvofandi.

Sölufyrirtæki raforku sem endurselja raforku til heimila sjá þessa tilkynningu og ákveða á grundvelli hennar að endurmeta áhættu í viðskiptum sínum á þann veg að tryggja sér meira magn og lengra fram í tímann en þeir höfðu áætlað fyrir tilkynninguna, þrátt fyrir að eftirlitsaðilar á orkumarkaði hafi ekki gefið út formlega tilkynningu um orkuskort. Sölufyrirtækin hafa réttmæta ástæðu til að treysta því að upplýsingarnar séu réttar, enda búi framleiðandinn yfir mikilli framleiðslugetu á markaði.

Spákaupmenn leggja einnig breytt mat á viðskiptastefnu sína og tryggja sér raforku fram í tímann til þess að selja til sölufyrirtækja eða stórnotanda.

Mat: Spá framleiðandans um 90% líkur á orkuskorti, endurspeglar ekki stöðuna í kerfinu heldur stöðuna hjá þeim tiltekna framleiðanda, jafnvel þó sá framleiðandi búi yfir mikilli framleiðslugetu. Framleiðendur bera ekki ábyrgð á því að meta orkuskort og stöðuna í kerfinu í heild sinni, heldur meta hversu vel hann getur staðið við sínar framleiðsluskuldbindingar. Framleiðandi í því skyni, ber að skila inn upplýsingum um framleiðslugetu, áætlanir og breytingar þar á, til kerfisstjóra flutningsfyrirtækisins sbr. reglugerð ESB nr. 543/2013. Sé fyrirsjáanlegt að framleiðandi geti ekki til lengri tíma staðið við þar til gerða framleiðsluáætlun ber honum að láta eftirlitsaðila vita sem fer með eftirlit með afhendingar- og raforkuöryggi. Eftirlitsaðili setur upplýsingarnar í samhengi við allar aðrar upplýsingar sem eftirlitsaðili býr yfir vegna lögbundins eftirlitshlutverk um stöðuna í kerfinu, en ekki framleiðandi, og leggur heildstætt mat á líkindum um orkuskort. Eftirlitsaðili ber síðan að birta tilkynningu opinberlega fyrir öllum markaðinum ef svo ber að.

Eftirlitsaðili gæti t.d. á þeim grundvelli komist að þeirri niðurstöðu að líkurnar séu 70% en ekki 90% sem hefði breytt því bæði hversu mikið sölufyrirtæki og spákaupmenn hefðu tryggt sér, og á hvaða verði, og hversu hratt eða mikið stórnotendur hefðu dregið úr notkun. Tilkynningin hefði í þeim tilvikum gefið ranga mynd af framboði, eftirspurn eða verð á heildsöluorkuafurðum sem framleiðandinn hagnaðist á.



4.2.1. Innherjaviðskipti með notkun innherjaupplýsinga

- (163) Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, felast innherjasvik í því að *nota* innherjaupplýsingar til að leggja fram viðskiptafyrirmæli, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum, fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila, beint eða óbeint, um þá heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða.
- (164) Þessi birtingarmynd innherjasvika felur í sér fjögur meginatriði, sem nánar verður fjallað um hér á eftir:
- (i) leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum (eða tilraun til slíkra viðskipta);
 - (ii) fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila;
 - (iii) beint eða óbeint; og
 - (iv) að innherjaupplýsingarnar tengist heildsöluorkuafurðum
- (i) Leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum (eða tilraun til að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum)**
- (165) Hugtökin „að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum“ skulu túlkuð rúmt og þannig að það taki til allrar háttsemi sem tengist viðskiptafyrirmælum eða viðskiptum, eða er hluti af atferli við útgáfu viðskiptafyrirmæla eða viðskipta á einum eða fleiri heildsöluorkumörkuðum. Þetta nær meðal annars til nýrra viðskiptafyrirmæla, breytinga eða leiðréttinga á gildandi viðskiptafyrirmælum, afturköllunar viðskiptafyrirmæla, sem og tengslamyndunar eða skilyrtra viðskiptafyrirmæla. Hugtakið tekur jafnframt til annarra aðgerða sem tengjast því að hefja viðskipti eða gefa út viðskiptafyrirmæli á heildsöluorkumarkaði. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er einstaklingum og lögaðilum óheimilt að gera breytingar á eða afturkalla með sértækum hætti viðskiptafyrirmæli sem lögð voru fram áður en viðkomandi fékk aðgang að innherjaupplýsingum. Þetta felur í sér að óheimilt er að nýta innherjaupplýsingar til að laga, fella niður eða forgangsraða slíkum fyrirmælum eftir á, á grundvelli upplýsinga sem ekki hafa verið gerðar opinberar.³⁶ Almennt er ráðlagt að aðilar forðist að breyta eða afturkalla viðskiptafyrirmæli sem gefin eru út áður en þeir fá aðgang að innherjaupplýsingum til að komast hjá framangreindu.³⁷
- (166) Brot gegn banni við innherjasvikum með því að *nota* innherjaupplýsingar þar sem lögð eru fram, afturkölluð eða viðskiptafyrirmælum breytt, er ekki háð huglægu mati á ásetningi þess eða þeirra sem í hlut eiga. Með öðrum orðum; ekki skiptir máli hvort innherjaviðskipti hafi verið framin af ásetningi eða gáleysi. Bannákvæðið tekur til hlutlægrar háttsemi einnar og sér, þ.e. þeirra

³⁶ Í ákveðnum tilvikum þarf að meta hvert tilvik fyrir sig, þetta getur einnig falið í sér að ekki séu gefin út viðskiptafyrirmæli á grundvelli innherjaupplýsinga.

³⁷ Viðskiptafyrirmæli sem eru lögð fram áður en aðili býr yfir innherjaupplýsingum ættu ekki að teljast innherjasvik. Hins vegar þegar aðili kemst yfir innherjaupplýsingar ætti að gera ráð fyrir því að breytingar á viðskiptafyrirmælum sem lögð voru fram áður þ.m.t. afturköllun eða breytingar eða tilraun til afturköllunar eða breytinga, tengjast þeim innherjaupplýsingum og teljast innherjasvik nema aðili geti sýnt fram á að innherjaupplýsingarnar hafi ekki verið notaðar við viðskiptin.



aðgerða, eða vanrækslu á aðgerðum sem vænta má, sem leiða til notkunar innherjaupplýsinga við kaup eða sölu heildsöluorkuafurða.

- (167) Við mat Raforkueftirlitsins á því hvort brotið hafi verið gegn banni við innherjasvikum með því að nota innherjaupplýsingar við kaup eða sölu heildsöluorkuafurða, byggir matið á því að sýnt sé fram á slíka notkun annaðhvort með (i) áreiðanlegum gögnum eða með (ii) heildstæðu sönnunarmati.
- (168) Áreiðanleg gögn geta falist í sönnunargögnum um að viðkomandi hafi haft innherjaupplýsingar undir höndum áður en viðskipti fóru fram með viðkomandi heildsöluorkuafurð. Heildstætt sönnunarmat getur byggst á samstæðum og samræmdum vísbendingum, svo sem gögnum um aðgerðir sem ráðist var í, vanrækslu á aðgerðum sem eðlilegt hefði verið að grípa til, skort á fullnægjandi og skjalfestum verkferlum um upplýsingaflæði, eða skorti á raunverulegum aðskilnaði („kínamúrum“) milli þeirra starfssviða sem búa yfir innherjaupplýsingum og þeirra sem annast viðskipti. Slíkt sönnunarmat miðar að því að sýna fram á að engin önnur skýring en notkun innherjaupplýsinga geti með sanngirni skýrt viðskipti viðkomandi aðila með heildsöluorkuafurðina.
- (169) Hugtakið „að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum“ skal túlka rúmt þannig að það taki einnig til tilraunar til þess að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum sem innherjaupplýsingarnar varða. Háttsemin telst því til innherjasvika óháð því hvort að þau leiði að lokum til raunverulegra viðskipta, eða árangurs. Af þessu leiðir að brot gegn banni við innherjasvikum samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga getur stofnast án tillits til þess hvort viðskipti komist í reynd til framkvæmda, enda nægir að innherjaupplýsingar hafi verið notaðar við framlagningu, breytingu eða afturköllun viðskiptafyrirmæla, eða tilraun til slíkra athafna.
- (170) Í 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er skýrt vísað til notkunar innherjaupplýsinga við framlagningu, afturköllun eða breytingu viðskiptafyrirmæla um heildsöluorkuafurðir. Af því leiðir að þegar aðili, sem býr yfir innherjaupplýsingum, leggur fram, afturkallar eða breytir, eða reynir að leggja fram, afturkalla eða breyta, hvort sem er fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila, beint eða óbeint, viðskiptafyrirmælum um þá heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða, skal almennt líta svo á að innherjaupplýsingar hafi verið notaðar, nema sýnt hafi verið fram á annað.³⁸ Aðili ber ábyrgð á broti gegn 20. gr. b. raforkulaga, en nálgun þessi skerðir ekki rétt aðila til varna.³⁹

³⁸ Þessi nálgun er í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins, Mál C-45/08, sjá málsgrein 54: “It follows that the fact that a primary insider who hold inside information trades on the market in financial instruments to which that information relates implies that that person ‘used that information’ within the meaning of Article 2(1) of Directive 2003/6, but without prejudice to the rights of the defence and, in particular, the right to be able to rebut that presumption“. Málið varðar innherjasvik á fjármálamarkaði en ákvæði 20. gr. b. raforkulaga á sér fyrirmynd í 4. gr. REMIT, sem á sér fyrirmynd í tilvitnað ákvæði tilskipunar ESB nr. 2003/6/EB (MAD, nú MAR).

³⁹ Tekið skal fram að innherji hefur ávalt rétt til að leggja fram sönnunargögn í hverju máli fyrir sig að tilvist og vitund um innherjaupplýsingar hafi ekki verið notaðar til grundvallar viðskiptaákvörðunar. Í slíkum tilvikum er þýðingarmikið að verkferlar innherja séu með þeim hætti að þeir skrái niður ástæður viðskiptaákvörðana sinna.

**(ii) Fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila**

- (171) Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga geta viðskiptafyrirmæli um heildsöluorkuafurðir verið lögð fram, afturkölluð eða breytt annaðhvort fyrir eigin reikning viðkomandi aðila eða fyrir reikning þriðja aðila.
- (172) Framangreint víkkar út gildisvið á banni við innherjasvikum á þann veg að það taki til tilvika þar sem sá aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum nýtir reikning þriðja aðila, þ.e. reikning annars einstaklings eða lögaðila, við viðskipti. Bannið tekur jafnframt til aðstæðna þar sem endanlegur hagsmunaaðili viðskiptanna er ekki endilega sá sami og býr yfir innherjaupplýsingunum og notar þær við viðskipti.
- (173) Í tengslum við viðskipti á heildsöluorkumarkaði er það algengt að aðili sem nýtir innherjaupplýsingar við kaup eða sölu heildsöluorkuafurða geri það ekki fyrir eigin reikning, heldur fyrir reikning lögaðila sem hann starfar fyrir eða kemur fram fyrir, svo sem reikning vinnuveitanda síns eða tengds félags. Slík háttsemi fellur skýrt undir gildissvið 20. gr. b. raforkulaga, enda skiptir ekki máli hvort viðskipti eru gerð fyrir eigin reikning eða fyrir reikning annars aðila. Jafnframt geta lögaðilar, einkum markaðsaðilar, annast umsýslu eða stýringu eigna- eða viðskiptasafna fyrir aðra lögaðila. Í slíkum tilvikum takmarkast áhrif hugsanlegra innherjasvika ekki við viðskipti á eigin reikningi, heldur ná einnig til viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd annarra markaðsaðila eða viðskiptavina.
- (174) Að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum fyrir reikning þriðja aðila getur einnig falist í milligöngu í viðskiptum, þar sem markaðsaðili aflar eða ráðstafar heildsöluorkuafurð í umboði annars aðila. Þetta á meðal annars við þegar markaðsaðili framkvæmir viðskipti fyrir hönd móðurfélags síns, hluthafa eða annars tengds aðila, eða til að uppfylla skuldbindingar sem leiða af stjórnunarsamningi eða sambærilegu umboðssambandi.

(iii) Beint eða óbeint

- (175) Notkun innherjaupplýsinga við framlagningu, breytingu eða afturköllun viðskiptafyrirmæla um heildsöluorkuafurðir getur farið fram beint eða óbeint.
- (176) Bein framlagning, breyting eða afturköllun viðskiptafyrirmæla (eða tilraun til slíkra athafna) á sér stað þegar sá aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum leggur sjálfur fram, breytir eða afturkallar viðskiptafyrirmæli um heildsöluorkuafurð, eða reynir að gera það, með beinum hætti.
- (177) Óbein framlagning, breyting eða afturköllun viðskiptafyrirmæla (eða tilraun til slíkra athafna) á sér stað þegar sá aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum lætur slík fyrirmæli koma til framkvæmda í gegnum þriðja aðila, svo sem miðlara, tengdan lögaðila, annan markaðsaðila eða annan einstakling. Óbein notkun innherjaupplýsinga getur jafnframt átt sér stað í gegnum móðurfélag lögaðila, til dæmis þegar viðskiptafyrirmæli eru lögð fram, breytt eða afturkölluð af móðurfélagi (eða hluthafa), án þess að viðkomandi lögaðili hafi formlegt stjórnunarvald yfir þeirri einingu eða viðkomandi aðgerð. Óbein notkun innherjaupplýsinga getur einnig falist í því að



markaðsaðili leggur fram, breytir eða afturkallar viðskiptafyrirmæli fyrir eigin reikning samkvæmt fyrirmælum móðurfélags (eða hluthafa) sem býr yfir innherjaupplýsingum.

(iv) Heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar varða

- (178) Samkvæmt skilgreiningu innherjasvika í 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er gert ráð fyrir að innherjaupplýsingar séu notaðar við framlagningu, breytingu eða afturköllun viðskiptafyrirmæla, beint eða óbeint, um þær heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar varða.
- (179) Til þess að þetta skilyrði teljist uppfyllt er nauðsynlegt að afmarka hvaða heildsöluorkuafurðir innherjaupplýsingarnar varða.
- (180) Innherjaupplýsingar tengjast þeim heildsöluorkuafurðum sem hafa afhendingu, að hluta eða í heild, á því tímabili þegar þeir atburðir eiga sér stað sem innherjaupplýsingar varða (t.d. innherjaupplýsingar um ófyrirséða truflun í eina klukkustund á innan dagsins, næstadag, vikublokk, mánaðarblokk, ársfjórðungsblokk, eða ársblokk og lengri samninga, þar með talið þeim vikum sem truflunin nær til). Innherjaupplýsingar tengjast jafnframt þeim heildsöluorkuafurðum sem verða fyrir óbeinum áhrifum á framboð, eftirspurn eða verðhorfur vegna upplýsinganna (t.d. geta innherjaupplýsingar um ófyrirséða einnar klukkustundar truflun einnig tengst heildsöluorkuafurðum innan dagsins sem líða á undan viðkomandi klukkustund, þar sem upplýsingarnar skapa óvissu um mögulegar tafir á því að eðlilegur rekstur framleiðslueiningarinnar hefjist á ný).
- (181) Að auki skipta einnig máli þættir á borð við umfang þeirra atburða sem fela í sér innherjaupplýsingar (t.d. hvort um truflun eða stöðvun sé að ræða), hvaða búnaður verður fyrir áhrifum, og áreiðanleiki viðkomandi raforkuframleiðslueiningar, við að afmarka hvaða heildsöluorkuafurðir innherjaupplýsingarnar kunna að varða. Til dæmis getur truflun með verulegt umfang framleiðslu í raforkuveri/virkjun sem hefur nýlega orðið fyrir nokkrum ófyrirséðum truflunum, jafnvel þótt hún standi aðeins í skamman tíma, haft meiri líkur á að vera viðeigandi fyrir afurðir með lengri afhendingartíma en minni truflun t.d. gæti lítil eins klukkustundar truflun líklega einungis haft áhrif á heildsöluorkuafurðir fyrir viðkomandi klukkustund (t.d. 15:00-16:00), á meðan stór eins klukkustundar truflun gæti haft áhrif bæði á heildsöluorkuafurðir á næstadagsmarkaði og heildsöluorkuafurðir með afhendingu á eftir þeim viðskiptaglugga.
- (182) Hér á eru sett fram dæmi um beitingu 20. gr. b. raforkulaga (bann við innherjasvikum), með hliðsjón af þeim fjórum framangreindum meginþáttum:

Dæmi: Notkun innherjaupplýsinga með inngöngu í viðskipti – skortur á tímanlegri uppfærslu markaðstilkynningu

Aðstæður: Markaðsaðili A á og rekur vatnsaflsvirkjun með uppsett afl upp á 100 MW. Virkjunin er í fyrirhuguðu tveggja vikna viðhaldi, þar sem engin raforkuframleiðsla er möguleg á meðan viðhaldinu stendur. Markaðsaðili A hefur birt upplýsingar um viðhaldið með tilkynningu á



birtingarleið innherjaupplýsinga sem uppfyllir skilyrði raforkulaga og reglugerðarinnar. Fimm dögum fyrir áætlaðan lokadag viðhalds (D–5) verður eftirfarandi atburðarás:

- D–5 07:00 – Markaðsaðili A fær upplýsingar um að viðhaldinu hafi lokið fyrr en áætlað var og að raforkuframleiðsla geti hafist að nýju frá og með kl. 24:00 sama dag. Markaðsaðili A ákveður að hefja framleiðslu og selja raforkuna á innandagsmarkaði frá og með D–4. Markaðsaðili A er kunnugt um að seljanleiki á innandagsmarkaði á Íslandi er takmarkaður og gerir því ráð fyrir að slík framleiðsluaukning geti haft áhrif á verðmyndun.
- D–5 18:00 – Markaðsaðili A upplýsir kerfisstjórn flutningsfyrirtækisins um uppfærða rekstraráætlun virkjunarinnar frá kl. 24:00. Upplýsingarnar eru ekki gerðar opinberar á þessum tíma, enda hvílir engin sjálfstæð birtingarskylda á kerfisstjóranum á D–5.
- D–5 21:00–24:00 – Markaðsaðili A leggur fram sölutilboð á innandagsmarkaði sem taka til framleiðslu virkjunarinnar fyrir tímabilið D–4 kl. 00:00 til D kl. 00:00, og mótar viðskiptafyrirmæli sín á grundvelli þeirrar vitneskju að framleiðsla muni hefjast fyrr en markaðurinn hefur upplýsingar um.
- D–4 12:00 – Markaðsaðili A uppfærir upprunalegu markaðstilkynninguna og upplýsir markaðinn um að viðhaldi hafi lokið fyrr en áætlað var, og að framleiðsla hafi hafist frá D–4 kl. 00:00. Í kjölfarið lækkar verð á innandagsmarkaði.

Mat: Markaðsaðili A notaði innherjaupplýsingar við kaup eða sölu, fyrir eigin reikning, á heildsöluorkuafurðum sem upplýsingarnar vörðuðu. Háttsemi Markaðsaðila A telst því innherjasvik og felur í sér brot gegn 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b raforkulaga, enda eru öll skilyrði ákvæðisins uppfyllt:

- **Innherjaupplýsingar:** Á D–5 kl. 07:00 fékk Markaðsaðili A upplýsingar um fyrri lok viðhalds og endurkomu framleiðslu. Á þeim tíma urðu upplýsingarnar nægjanlega tilgreindar, sem staðfestist m.a. með því að Markaðsaðili A upplýsti kerfisstjórn flutningsfyrirtækisins um uppfærða rekstraráætlun D–5 kl. 18:00. Upplýsingarnar voru ekki opinberar, tengdust heildsöluorkuafurðum, og voru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð á innandagsmarkaði. Þær uppfylltu því skilyrði innherjaupplýsinga.
- **Leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum:** Markaðsaðili A lagði fram sölutilboð og seldi raforku sem framleidd var í vatnsaflsvirkjuninni á innandagsmarkaði, byggt á vitneskju um að framleiðsla gæti hafist fyrr en markaðurinn hafði verið upplýstur um.
- **Fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila:** Markaðsaðili A framkvæmdi viðskiptin fyrir eigin reikning.
- **Beint eða óbeint:** Markaðsaðili A framkvæmdi viðskiptin beint, með því að leggja sjálfur fram viðskiptafyrirmæli á innandagsmarkaði, án milligöngu þriðja aðila.
- **Heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar vörðuðu:** Innherjaupplýsingarnar tengdust að minnsta kosti eftirfarandi heildsöluorkuafurðum
 - (i) Heildsöluorkuafurðum á innandagsmarkaði, að lágmarki fyrir klukkustundasamninga sem náðu yfir tímabilið D–4 kl. 00:00 til D kl. 00:00;



- (ii) Heildsöluorkuafurðum á næstadagsmarkaði raforku, að lágmarki fyrir dagsamninga sem náðu yfir tímabilið D–4 til D–1 (að meðtöldum báðum dögum).

Athugasemdir: Þessi háttsemi felur jafnframt í sér brot gegn skyldu til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga sbr. 20. gr. h. raforkulaga.

Dæmi: Notkun innherjaupplýsinga við viðskipti – “framhjáhlaupsviðskipti” (e. front running)

Aðstæður: Þann 27. desember ákveður stórnotandi að kaupa ársblokk af grunnorku að magni 100MW fyrir næsta almanaksár. Markaðsaðili ákveður að fela milligönguaðila í raforkuviðskiptum („miðlara“) að framkvæma kaupin. Markaðsaðili A upplýsir miðlarann um að um sé að ræða verulega breytingu á starfsemi og að allt magnið (100 MW) þurfi að vera keypt innan örfárra mínútna, til að verja stöðu Markaðsaðili A.

Með hliðsjón af ríkjandi markaðsaðstæðum telur miðlarinn að sá mjög skammi tímarammi sem gefinn er til framkvæmdar viðskiptanna muni leiða til hækkunar á verði ársblokka af grunnorku fyrir viðkomandi ár. Slík verðhækkun hefði að líkindum ekki orðið ef Markaðsaðili A hefði veitt lengri tíma til framkvæmdar. Áður en miðlarinn leggur fram kaupfyrirmæli fyrir hönd Markaðsaðili A, leggur hann fram kaupfyrirmæli fyrir eigin reikning í sömu tegund af heildsöluorkuafurð, þ.e. árs langan grunnorkusamning, með það að markmiði að kaupa raforku á besta fáanlega verði. Þegar þau fyrirmæli hafa verið framkvæmd leggur miðlarinn fram kaupfyrirmæli fyrir hönd Markaðsaðila A. Í kjölfarið hækkar verð grunnorkusamninga fyrir þetta tiltekna almanaksár verulega sem leiðir til þess að aðrir markaðsaðilar bæta tilboð sín. Að því loknu selur miðlarinn raforkuna sem hann keypti fyrir eigin reikning, og tryggir sér þannig fjárhagslegan ávinning.

Mat: Milligönguaðilinn notaði innherjaupplýsingar til að kaupa heildsöluorkuafurð fyrir eigin reikning. Sú háttsemi sem hann beitti telst því innherjaviðskipti og felur í sér brot gegn 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b raforkulaga, þar sem öll skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt:

- **Innherjaupplýsingar:** Upplýsingarnar um að Markaðsaðili A hygðist kaupa 100 MW í ársblokk af grunnorku fyrir ákveðið almanaksár, á mjög skömmum tíma, teljast ekki innherjaupplýsingar hjá Markaðsaðila A sjálfum, þar sem þær eru hluti af eigin viðskiptastefnu hans. Markaðsaðila A bar því ekki skylda til að birta þær opinberlega. Hins vegar teljast sömu upplýsingar, frá sjónarhóli miðlarans, vera innherjaupplýsingar, þar sem þær voru nægjanlega tilgreindar, ekki opinberar, tengdust heildsöluorkuafurð, og voru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð ársframvirku raforkuafurðarinnar.
- **Leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum:** Milligönguaðilinn lagði fram viðskiptafyrirmæli, þ.e. kauptilboð um sömu tegund af heildsöluorkuafurð, þ.e. árs langan grunnorkusamning fyrir tiltekið almanaksár.
- **Fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila:** Milligönguaðilinn keypti raforku fyrir eigin reikning, áður en hann framkvæmdi viðskipti fyrir hönd Markaðsaðila A.



- **Beint eða óbeint:** Kaupin fóru fram beint, með viðskiptafyrirmælum sem milligönguaðilinn lagði sjálfur fram á markaði.
- **Heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar vörðuðu:** Innherjaupplýsingarnar vörðuðu kaup á ársblokk af grunnorku fyrir tiltekið almanaksár, og tengdust því beint og ótvírætt þeirri heildsöluorkuafurð sem viðskipti markaðsaðila A tóku til.

Athugasemdir:

- Í þessu samhengi ber að greina á milli stöðu viðskiptavinarins annars vegar og milligönguaðilans hins vegar. Þótt viðskiptafyrirmæli viðskiptavinarins séu hluti af eigin viðskiptastefnu hans og teljist því ekki innherjaupplýsingar hjá honum sjálfum, geta sömu upplýsingar, frá sjónarhóli milligönguaðilans, talist innherjaupplýsingar, enda séu þær nægjanlega tilgreindar, ekki opinberar, og tengist beint eða óbeint einni eða fleiri heildsöluorkuafurðum. Þrátt fyrir að slíkar upplýsingar teljist innherjaupplýsingar hjá milligönguaðilanum, hvílir ekki skylda til opinberrar birtingar þeirra á honum, þar sem upplýsingaskylda samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga, tekur einungis til innherjaupplýsinga sem varða starfsemi eða mannvirki sem viðkomandi markaðsaðili, móðurfélag hans eða tengdir aðilar eiga, ráða yfir eða bera rekstrarábyrgð á, að öllu eða nokkru leyti.
- Í þeim tilvikum (ólíkum því sem lýst er í dæminu hér að framan) þar sem viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar til milligönguaðila byggjast á innherjaupplýsingum, hvílir ábyrgð vegna brots á banni við innherjaviðskiptum samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, á viðskiptavininum, en ekki á milligönguaðilanum. Í slíkum aðstæðum er það viðskiptavinurinn sem aflar heildsöluorkuafurðar fyrir eigin reikning, þó óbeint, þ.e. í gegnum milligönguaðila. Ef milligönguaðilinn er meðvitaður um, eða hefur rökstuddan grun um, að viðskiptafyrirmæli viðskiptavinarins byggist á innherjaupplýsingum (jafnvel þótt hann þekki ekki nákvæmt efni upplýsinganna), ber honum að uppfylla skyldur sínar um tilkynningu um grunsamleg viðskipti eða viðskiptafyrirmæli til Raforkueftirlitsins, í samræmi við 2. mgr. 20. gr. g. raforkulaga.

4.2.2. Ólögmet miðlun innherjaupplýsinga

- (183) Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga telst miðlun innherjaupplýsinga til annarra ólögmet, nema slík miðlun fari fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur viðkomandi.
- (184) Birtingarmynd bannsins tekur til tveggja meginþátta, sem síðar er fjallað nánar um:
- (i) miðlun innherjaupplýsinga til annars aðila; og
 - (ii) að miðlunin fari ekki fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem miðlar upplýsingunum.

(i) Miðlun (innherja)upplýsinga til annarra aðila

- (185) Hugtakið miðlun innherjaupplýsinga samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, skal ekki rugla saman við opinbera birtingu innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga.



Bannákvæði 20. gr. b. miðar sérstaklega að því að koma í veg fyrir miðlun innherjaupplýsinga áður en þær hafa verið birtar opinberlega í samræmi við 20. gr. h. raforkulaga.

- (186) Í tengslum við beitingu 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, felur hugtakið „miðlun upplýsinga“ í sér alla miðlun innherjaupplýsinga sem ekki hafa enn verið birtar opinberlega samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga, óháð því með hvaða hætti miðlunin á sér stað. Þetta nær bæði til formlegra sem óformlegra miðlunarleiða, sem og allra hugsanlegra samskiptamáta sem notaðir eru til að senda eða koma upplýsingum á framfæri, hvort sem er skriflega, munnlega eða með rafrænum hætti.
- (187) Bannið tekur til miðlunar til hvers kyns annarra aðila, og skiptir ekki máli hvort innherjaupplýsingar berist einum eða fleiri viðtakendum. Það sem ræður úrslitum við mat á því hvort um brot sé að ræða er ekki umfang miðlunarinnar, heldur hvort miðlunin fari fram utan eðlilegs ramma starfs, stöðu eða skyldna viðkomandi aðila, sbr. síðari umfjöllun.
- (188) Jafnframt skal áréttað að til þess að brot gegn 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga teljist hafa átt sér stað er ekki skilyrði að innherjaupplýsingar hafi í reynd verið móttæknar eða nýttar við viðskipti. Miðlunin ein og sér er óheimil og nægir til að bannákvæðið eigi við.
- (189) Við mat á því hvort óheimil miðlun innherjaupplýsinga hafi átt sér stað getur Raforkueftirlitið sýnt fram á slíka miðlun annars vegar með áreiðanlegum sönnunargögnum, svo sem gögnum um samskipti milli þeirra aðila sem komu að ólögmætri miðlun upplýsinga. Hins vegar, þegar slík bein sönnun liggur ekki fyrir er unnt að byggja matið á heildstæðu sönnunarmati, þar sem litið er til nákvæmra og samhangandi vísbendinga, sem metnar eru saman. Slíkar vísbendingar geta meðal annars falist í tengslum milli þess aðila sem bjó yfir innherjaupplýsingum og þriðja aðila, aðgangi þriðja aðila að upplýsingunum, eða öðrum aðstæðum sem, metnar í heild, leiða til þeirrar niðurstöðu að engin önnur skýring en óheimil miðlun innherjaupplýsinga geti skýrt atvik málsins með eðlilegum hætti.

(ii) Miðlunin fer ekki fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur

- (190) Í 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er mælt fyrir um undanþágu frá banni við miðlun innherjaupplýsinga til annarra. Miðlun innherjaupplýsinga telst ekki ólögmæt þegar hún fer fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur einstaklings eða lögaðila. Þessi undanþága er í samræmi við skyldu til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga, sem hefur það að markmiði að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum og þar með upplýsingajafnræði meðal allra þeirra sem starfa á heildsöluorkumarkaði.
- (191) Miðlun innherjaupplýsinga í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur er undantekning frá meginreglunni um að miðlun sé ólögmæt, og skal túlkuð með þröngum hætti. Við mat á því hvort miðlun hafi farið fram í „eðlilegu sambandi“ lítur Raforkueftirlitið meðal annars til þess hvort miðlunin: (i) fylgdi fyrir fram skilgreindum verkferlum, sem byggja á því að þeim sem miðlað eingöngu til þeirra sem þurfa á upplýsingunum að halda (e. need-to-know basis); og/eða (ii) var hluti af samningsbundnum skyldum viðkomandi aðila, s.s. samkvæmt ráðningarsamningi, þjónustusamningi eða öðrum samningi sem kveður skýrt á um slíka miðlun.



- (192) Miðlun sem fer utan slíkra verkferla eða samningsbundinna ramma telst almennt ekki vera í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur.

Dæmi: Innherjaviðskipti með ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga

Aðstæður: Vatnsaflsvirkjun A með uppsett afl 700 MW.

Samkvæmt innri verkferlum ber forstöðumaður stjórnstöðvar ábyrgð á áætluðum viðhaldsstöðvunum virkjunarinnar. Á fundi að morgni dags með framkvæmdastjórum fyrirtækisins og regluverði upplýsir forstöðumaður stjórnstöðvar um fyrirhugaða langtímaviðhaldsstöðvun sem áætluð er á næsta ári og mun standa yfir í fjóra mánuði. Upplýsingunum hefur ekki verið miðlað frekar, og fyrirhugað er að fulltrúi innra eftirlits (regluvörður) birti þær opinberlega síðar sama dag, kl. 15:00, í samræmi við 20. gr. h. raforkulaga.

Um einum klukkutíma síðar sækir einn framkvæmdastjóri reglulegan fund með stórnotanda. Í óformlegu samtali minnst framkvæmdastjóri á fyrirhugaða viðhaldsstöðvun virkjunarinnar.

Mat: Miðlun innherjaupplýsinga frá framkvæmdastjóra til fulltrúa stórnotanda fór ekki fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur hans. Slík miðlun telst því óheimil miðlun innherjaupplýsinga og felur í sér brot gegn 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga.

- **Innherjaupplýsingar:** Upplýsingar um fyrirhugaða langtímaviðhaldsstöðvun uppfylla skilyrði innherjaupplýsinga, þar sem þær eru nægjanlega tilgreindar, ekki opinberar, tengjast heildsöluorkuafurðum og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verðmyndun á heildsöluorkumarkaði.
- **Miðlun innherjaupplýsinga til annars aðila:** Framkvæmdastjóri telst aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum vegna stöðu sinnar. Sú miðlun innherjaupplýsinga sem átti sér stað til stórnotanda telst miðlun til annars aðila í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, enda voru viðtakendur hvorki aðili að rekstri virkjunarinnar né hafði lögmæta þörf á upplýsingunum í starfi sínu.
- **Nema miðlun fari fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur:** Miðlun innherjaupplýsinga frá forstöðumanni stjórnstöðvar fór fram í samræmi við fyrir fram skilgreinda verkferla, sem byggja á því að upplýsingum sé eingöngu miðlað til þeirra sem á upplýsingunum þurfa að halda (e. need-to-know) meginreglunni, milli rekstrarsviðs og stjórnunar virkjunarinnar. Slík miðlun telst því hafa farið fram í eðlilegu sambandi við skyldur viðkomandi aðila og felur ekki í sér brot gegn 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga. Aftur á móti var miðlun innherjaupplýsinga frá framkvæmdastjóra virkjunarinnar til stórnotanda, áður en upplýsingarnar voru birtar opinberlega, ekki í samræmi við slíka fyrir fram skilgreinda verkferla né byggð á því að upplýsingum sé eingöngu miðlað til þeirra sem þurfa á upplýsingunum að halda (e. need-to-know) meginreglunni. Miðlunin telst því ekki hafa farið fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur, og uppfyllir þar með ekki skilyrði undanþágunnar frá banninu við miðlun innherjaupplýsinga.



4.2.3. Ráðlegging eða hvatning til viðskipta á grundvelli innherjaupplýsinga

- (193) Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga felast innherjasvik í því að aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum ráðleggur eða hvetur markaðsaðila, á grundvelli þeirra upplýsinga, til að kaupa eða selja heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða.
- (194) Í þessu samhengi ber að skýra hugtakið „ráðleggja eða hvetja“ þannig að það taki til hvers kyns athafna sem aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum grípur til í þeim tilgangi að veita öðrum aðila (einnig nefndum „viðtakandi“) ⁴⁰ eitt eða fleiri bein eða óbein merki sem skipta máli fyrir viðskipti á einum eða fleiri heildsöluorkumörkuðum og tengjast viðkomandi innherjaupplýsingum.
- (195) Í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, er ekki gerð krafa um að innherjaupplýsingum sé miðlað í heild sinni til annars aðila, heldur nægir að send sé ábending, ráðlegging, hvatning eða annað merki sem tengist viðskiptum með heildsöluorkuafurðir og byggist á innherjaupplýsingum. Á sama hátt er ekki skilyrði fyrir broti gegn ákvæðinu að sá sem fær ráðlegginguna bregðist við henni með viðskiptum eða viðskiptafyrirmælum.
- (196) Sú staðreynd að aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum brýtur gegn ákvæðinu með því að ráðleggja um kaup eða sölu heildsöluorkuafurðar er ein og sér nægjanleg til að teljast brot gegn 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga. ⁴¹

Dæmi: Innherjasvik með því að ráðleggja eða hvetja til viðskipta á grundvelli innherjaupplýsinga

Aðstæður: Markaðsaðili A á og rekur fimm raforkuvirkjunar, með samanlagt uppsett afl upp á 1.000 MW (hver raforkuvirkjun hefur um það bil 200 MW framleiðslugetu). Stöðvarstjóri Markaðsaðila A fær upplýsingar um að varahlutur í túrbínu sem notaður er í túrbínum í öllum raforkuverunum sé gallaður og þurfi að skipta honum út á næstunni. Viðgerðin, sem gert er ráð fyrir að taki tíu daga, er ekki brýn en ætti að fara fram á næsta ársfjórðungi, sem þýðir að allar virkjanir Markaðsaðila A þurfa að fara í fyrirhugað viðhald fyrr en ella. Á grundvelli þessarar vitneskju ráðleggur stöðvarstjórinn vini sínum, sem starfar við að framkvæma viðskipti fyrir Markaðsaðila B, að kaupa mánaðarblokkir fyrir næsta ársfjórðung sem fyrst.

Mat: Ráðlegging stöðvarstjóra Markaðsaðila A telst brot gegn 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, þar sem:

- **Innherjaupplýsingar:** Upplýsingarnar sem stöðvarstjórinn býr yfir um fyrirhugað viðhald raforkuvera Markaðsaðila A teljast innherjaupplýsingar þar sem þær eru nægjanlega tilgreindar, hafa ekki verið gerðar opinberar, varða heildsöluorkuafurðir og eru líklegar til að hafa áhrif á verð þeirra.
- **Ráðlegging á grundvelli innherjaupplýsinga:** Stöðvarstjóri ráðlagði aðila sem framkvæmir viðskipti hjá markaðsaðila B að kaupa heildsöluorkuafurð sem tengjast

⁴⁰ Aðili sem tekur á móti innherjaupplýsingum. Aðili getur verið einstaklingur eða lögaðili.

⁴¹ Í þeim tilvikum þar sem innherjaupplýsingum er miðlað með ólögmatum hætti ásamt því að ráðlagt er á grundvelli þeirra, og viðtakandi leggur fram viðskiptafyrirmæli, afturkallar eða breytir um heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða, þá er viðtakandi upplýsinganna einnig brotlegur gegn ákvæðum 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga.



upplýsingunum, þ.e. mánaðarblokkir af raforku fyrir næsta ársfjórðung sem er það tímabil sem ótíltækið mun hafa áhrif á. Ráðleggingin er því, fremur en ekki, byggð á innherjaupplýsingum um fyrirhugað viðhald í virkjunum Markaðsaðila A.

4.3. Vísbendingar um innherjasvik

- (197) Til þess að greina möguleg innherjasvik samkvæmt raforkulögum lítur Raforkueftirlitið til ótæmandi lista yfir vísbendingar, sem settur er fram í undirköflum 4.3.1 og 4.3.2, en slíkar vísbendingar skulu ekki, einar og sér, endilega teljast nægjanlegar til að staðfesta að innherjasvik hafi átt sér stað.
- (198) Listinn er flokkaður annars vegar í einfaldar vísbendingar, svo sem viðeigandi breytur, athafnir eða greiningarmerki, og hins vegar í flóknari tegundir háttsemi sem jafnan byggja á samspili nokkurra slíkra vísbendinga.

4.3.1. Mögulegar vísbendingar

- (199) Eftirfarandi eru dæmi um vísbendingar sem hvorki eru afgerandi né tæmandi og skulu einungis höfð til hliðsjónar sem upphafspunktur við mat á því hvort tiltekin háttsemi gefi tilefni til gruns um mögulegt brot gegn 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga um innherjasvik og ólögsmæta miðlun innherjaupplýsinga. Því ber að beita þeim á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig.

- a) **Verulegar og/eða skyndilegar breytingar á viðskiptamagni** með eina eða fleiri heildsöluorkuafurðir áður en upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga, eru birtar eða eiga sér stað. Þetta getur til dæmis átt við ef:

- viðskipti og/eða viðskiptafyrirmæli frá tilteknum markaðsaðila eða hópi markaðsaðila safnast saman á stuttum tíma innan viðskiptatímabils áður en upplýsingar, sem teljast innherjaupplýsingar, eru birtar eða koma fram; eða
- áður en upplýsingar um ófyrirséða truflun á búnaði/aðstöðu markaðsaðila, eða búnaði/aðstöðu sem hann rekur, eru gerðar opinberar, fer fram umtalsvert magn viðskipta og/eða eru lögð fram mörg viðskiptafyrirmæli af hálfu viðkomandi markaðsaðila í heildsöluorkuafurðum sem geta orðið fyrir verðáhrifum af þeim upplýsingum.

- b) **Verulegar og/eða skyndilegar breytingar á verði** einnar eða fleiri heildsöluorkuafurða áður en upplýsingar um atburð eða athöfn, sem telst til innherjaupplýsinga, er birt eða á sér stað. Þetta getur til dæmis átt við í aðstæðum þar sem:

- hraði eða umfang verðbreytinga verður ekki skýrt með þeim upplýsingum sem þegar liggja fyrir á markaði eða með undirliggjandi markaðsaðstæðum; eða
- veruleg og/eða skyndileg breyting á verði á sér stað áður en upplýsingar, sem teljast innherjaupplýsingar, eru birtar eða eiga sér stað.



- c) **Breytingar á viðskiptamynstri** markaðsaðila með heildsöluorkuafurð áður en upplýsingar, sem teljast innherjaupplýsingar, eru birtar eða eiga sér stað. Þetta getur til dæmis átt við í aðstæðum þar sem markaðsaðili:
- sýnir óvenjulegt viðskiptamynstur, til dæmis með verulega stærri hlutdeild í viðskiptafyrirmælum eða viðskiptum öðrum megin í pöntunarbók, í tengdri heildsöluorkuafurð áður en upplýsingar, sem teljast til innherjaupplýsinga, eru birtar eða eiga sér stað;
 - afturkallar eða breytir viðskiptafyrirmælum og/eða viðskiptum á stuttum tíma, þegar magn undirliggjandi viðskipta/viðskiptafyrirmæla nema verulegu magni af daglegu viðskiptamagni markaðsaðilans. Þessi vísbending fær aukið vægi ef þau viðskiptafyrirmæli sem eru afturkölluð eða breytt tengjast jafnframt verulegum verðbreytingum á heildsöluorkuafurð;
 - snýr við stöðum á markaði á skömmum tíma. Þessi vísbending fær enn frekara vægi ef slíkur viðsnúningur nemur verulegum hluta af heildarviðskiptum eða viðskiptafyrirmælum markaðsaðilans í viðkomandi heildsöluorkuafurð.
- d) **(Hugsanleg) aukning hagnaðar eða breyting á afkomu** markaðsaðila, sem leiðir af breytingu á stöðu hans í tilteknum heildsöluorkuafurðum og/eða fjármálagerningum áður en upplýsingar um atburð/aðstæður, sem telst til innherjaupplýsinga, eru birtar eða eiga sér stað.
- e) **Skortur á því að farið sé að öðrum skyldum samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 varðandi innherjaupplýsingar** getur einnig verið vísbending um möguleg innherjasvik. Þetta getur til dæmis átt við þegar markaðsaðili:
- brýtur, að minnsta kosti öðru hverju, gegn skyldum sínum um upplýsingagjöf samkvæmt 20. gr. h. raforkulaga, með því að birta upplýsingar hvorki með fullnægjandi hætti né innan tilskilinna tímamarka;
 - misnotar undanþágu frá banni við innherjasvikum samkvæmt 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, til dæmis með því að:
 - falla ekki undir þá tegund markaðsaðila sem heimilt er að beita undanþágunni;
 - nýta ekki tiltækan búnað/aðstöðu í sinni eigu til að mæta beinu efnislegu tapi;
 - leggja fram viðskiptafyrirmæli eða eiga viðskipti sem ganga langt umfram það sem nauðsynlegt er til að mæta beinu efnislegu tapi; eða
 - eiga viðskipti fyrir eigin reikning á sama tíma og aðili á viðskipti fyrir hönd eiganda búnaðar/aðstöðu á grundvelli undanþágunnar.



4.3.2. Tegundir af háttsemi sem falla undir innherjasvik

- (200) Eftirfarandi eru dæmi um tegundir háttsemi sem talist geta til innherjasvika og eru talin eiga við á heildsöluorkumörkuðum:
- a) **Framhjáhlaupsviðskipti (e. front running) eða forstöðutaka (e. pre-positioning)** – Þetta er tegund af háttsemi þar sem aðili, eða tengdur aðili (umboðsmaður eða milligönguaðili), sem framkvæmir fyriræli um kaup eða sölu á heildsöluorkuafurð, býr yfir verulegum, óopinberum markaðsupplýsingum um yfirvofandi viðskiptafyrirmæli eða viðskipti með viðkomandi heildsöluorkuafurð eða tengda heildsöluorkuafurð, áður en þær upplýsingar um eða tengdar fyriræmunum eða viðskiptunum eru gerðar opinberar eða hafa á annan hátt misst gildi sitt eða þýðingu.
- (201) Samkvæmt skilgreiningu innherjaupplýsinga í 20. gr. a. raforkulaga, geta upplýsingar sem markaðsaðili, eða aðrir sem koma fram fyrir hans hönd, miðlar til viðskiptavettvangs eða milligönguaðila í raforkuviðskiptum, sem annast viðskipti fyrir hönd markaðsaðilans, og varða yfirvofandi viðskiptafyrirmæli markaðsaðilans með heildsöluorkuafurðir, talist innherjaupplýsingar, enda séu þær nægjanlega tilgreindar og varða, beint eða óbeint, eina eða fleiri heildsöluorkuafurð. Slíkar upplýsingar eru dæmigerðar fyrir háttsemi á borð við framhjáhlaupsviðskipti (front running) eða forstöðutöku (pre-positioning).
- (202) Ein birtingarmynd þessarar bönnuðu háttsemi er þegar umboðsmaður (til dæmis tiltekinn milligönguaðili í raforkuviðskiptum) fær viðskiptafyrirmæli frá viðskiptavini sínum sem uppfylla skilyrði innherjaupplýsinga og á síðan viðskipti fyrir eigin reikning á grundvelli þeirra upplýsinga.⁴² Til að uppfylla kröfur 20. gr. b. raforkulaga er milligönguaðila óheimilt að nýta vitneskju um viðskiptafyrirmæli viðskiptavinarins til eigin viðskipta áður en fyrirælin eru framkvæmd.⁴³ Samspil eftirfarandi vísbendinga getur bent til slíkrar háttsemi:
- **Skammur tími milli fyriræla umboðsmanns og viðskiptavinar:** viðskiptafyrirmæli umboðsmanns/milligönguaðila eru lögð fram skömmu áður en fyriræli viðskiptavinar hans eru sett fram, sem getur bent til þess að umboðsmaðurinn/milligönguaðilinn hafi haft vitneskju um óframkvæmd viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar síns áður en hann átti eigin viðskipti;

⁴² Þessi hegðun getur einnig verið svokölluð á ensku „pre-hedging“, sem þýðir að ef milligönguaðili í raforkuviðskiptum/miðlari notar innherjaupplýsingar sem þeir fengu vitneskju um frá viðskiptavini til að leggja fram viðskiptafyrirmæli fyrir eigin reikning, jafnvel á móti viðskiptavini sínum.

⁴³ Fyrirmæli frá umbjóðanda miðlara eru ekki innherjaupplýsingar, þar sem um er að ræða eigin viðskiptastefnu/áætlun þess markaðsaðila. Aftur á móti geta slík fyriræli umbjóðanda miðlara uppfyllt skilgreiningu á hugtakinu innherjaupplýsingar. Þess vegna verður miðlari að fara eftir þeim reglum sem gilda um bann við innherjasvik samkvæmt 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga. Á sama tíma er mikilvægt að benda á það að skyldan til að birta innherjaupplýsingar opinberlega liggur ávallt á markaðsaðila samkvæmt 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga. Það er því ekki hlutverk markaðsaðila að birta upplýsingar um beiðni markaðsaðila.



- **Hagstæðari fyrirmæli umboðsmanns:** fyrirmæli umboðsmanns/milligönguaðila kunna að vera sett fram á sama eða betra verði en fyrirmæli viðskiptavinarins;
- **Hugsanlegur hagnaður umboðsmanns:** framhjálaupsviðskipti (e. front-running) leiða oft til þess að umboðsmaður/milligönguaðili snýr við upphaflegri stöðu sinni eftir að fyrirmæli viðskiptavinarins hafa verið framkvæmd, með því að selja (eða kaupa) á hærra (eða lægra) verði en upphaflega, þótt slíkur hagnaður sé ekki skilyrði fyrir því að um fyrir-framviðskipti sé að ræða;
- **Endurtekning:** endurtekin tilvik framhjálaupsviðskipta eru grunsamlegri og ólíklegri til að vera tilviljun ein og sér.

- b) **Háttsemi sem kallast á ensku „Double printing“** – Þessi tegund háttsemi felur í sér að fleiri viðskipti eru framkvæmd en nauðsynlegt er til að framkvæma tiltekin fyrirmæli. Til dæmis getur markaðsaðili, sem starfar sem umboðsmaður, fengið fyrirmæli frá viðskiptavini sínum um að framkvæma viðskipti og nýtt þær upplýsingar til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með eftirfarandi hætti: umboðsmaðurinn framkvæmir ekki fyrirmælin strax fyrir hönd viðskiptavinarins, þrátt fyrir að aðstæður á markaði myndu leyfa slíka framkvæmd, heldur á umboðsmaðurinn fyrst viðskipti fyrir eigin reikning og framkvæmir síðan ein eða fleiri viðbótarviðskipti milli sín og viðskiptavinarins, þannig að verðmunurinn fellur umboðsmanninum/milligönguaðilanum í hlut, viðskiptavininum til tjóns.

- (203) Viðskipti sem fela í sér „double printing“ fara jafnan fram á viðskiptavettvöngum raforku. Slíka háttsemi er mögulega hægt að greina með því að skoða viðskipti á svipuðu verði og/eða í svipuðu magni, þar sem umboðsmaðurinn/milligönguaðili, sem kemur fram sem aðalviðsemjandi, kaupir (selur) af (til) öðrum markaðsaðila og selur (kaupir) síðan til (af) viðskiptavinar umboðsmannsins/milligönguaðilans.

4.4. Persónulegt gildissvið 20. gr. b. raforkulaga

- (204) Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. b. raforkulaga tekur bann við innherjasvikum til fimm flokka einstaklinga og lögaðila sem búa yfir innherjaupplýsingum í tengslum við heildsöluorkuafurðir. Slíkir aðilar teljast *innherjar* í skilningi ákvæðisins.
- (205) Fimm flokkar innherja samkvæmt 2. mgr. 20. gr. b raforkulaga eru eftirfarandi:
1. Aðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum vegna setu í stjórn, starfa í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum markaðsaðila.
 2. Aðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum vegna hlutdeildar í hlutafé markaðsaðila.
 3. Aðilar sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum í krafti starfs, stöðu eða skyldna.
 4. Aðilar sem hafa aflað sér innherjaupplýsinga vegna þátttöku í refsiverðri háttsemi.
 5. Aðilar sem hafa vitneskju um að um er að ræða innherjaupplýsingar.



(206) Ótæmandi listi með dæmum um þessa fimm flokka innherja er settur fram hér á eftir:

Nokkur dæmi um innherja	
Flokkar innherja	Ótæmandi listi dæma
Aðilar í stjórnnum, framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum markaðsaðila	- Forstjóri eða aðrir stjórnendur fyrirtækis sem hafa vitneskju um eða atburði sem geta talist innherjaupplýsingar. - Stjórnendur stjórnstöðva flutnings- eða dreifikerfis sem ákvarðanir um endurskipulagningu fyrirhugaðra truflana. - Aðilar sem bera ábyrgð á innkaupum eða þjónustusamningum v búaðar/aðstöðu í raforkuvirkjunum. - Stjórnarmenn sem hafa aðgang að upplýsingum sem geta t innherjaupplýsingar.
Aðilar með hlutdeild í hlutafé markaðsaðila	- Hluthafar í markaðsaðila, hvort sem eru einstaklingar eða lögaðilar sem kunna að hafa aðgang að óopinberum upplýsingum fyrirtækis. - Lögaðilar sem búa yfir upplýsingum um rekstur eða búnað/aðstöðu sem móðurfélag eða tengt félag á eða hefur yfir að ráða, eða þar viðkomandi lögaðili ber ábyrgð á rekstrarlegum þáttum, að hluta eða í heild.
Aðilar með aðgang að upplýsingum í krafti starfs, stöðu eða skyldna	- Markaðsaðili sem býr yfir upplýsingum um rekstur eða búnað/aðstöðu sem hann á eða hefur yfir að ráða, eða ber ábyrgð á rekstri þeirra hluta eða í heild, t.d. forstöðumaður stjórnstöðvar o.þ.h. - Einstaklingur sem starfar fyrir hönd markaðsaðila og hefur aðgang að upplýsingum um rekstur eða búnað/aðstöðu sem markaðsaðili móðurfélag hans eða tengt félag á eða hefur yfir að ráða, eða ber ábyrgð á rekstri þeirra, að hluta eða í heild. - Aðilar sem í starfi sínu skipuleggja, koma á eða framkvæma viðskiptaheildsöluorkumörkuðum fyrir hönd viðskiptavina sinna.
Aðilar sem hafa aðgang að upplýsingum vegna þátttöku í refsiverðri háttsemi	- Aðilar sem brjótast ólöglega inn í upplýsingakerfi markaðsaðila milligönguaðila í raforkuviðskiptum, viðskiptavettvanga raforku- og varmaðila eftirlitsaðila - Aðilar sem hafa komist yfir slíkar upplýsingar með refsiverðri háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, svo sem meðan á beita hótunum, ofbeldi, kúgun, mútum. - Keppinautar markaðsaðila sem hafa komist yfir slíkar upplýsingar með njósnum.
Aðilar sem hafa vitneskju um að um er	- Starfsfólk í stoð- eða skrifstofustörfum sem sinnir stjórnsýslu- og skráningarferlum vegna ótíltæki raforkuvera.



að ræða innherjaupplýsingar	- Starfsfólk sem sinnir eftirliti með viðskiptum og heildsöluorkumarkaði, og býr í störfum sínum yfir upplýsingum um rekstur eða búnað/aðstöðu sem markaðsaðilar, móðurfélög eða tengd félög hafa yfir að ráða. - Maki, sambúðaraðili eða vinur starfsmanns markaðsaðila sem að jafnaði býr yfir upplýsingum um rekstur eða búnað/aðstöðu sem markaðsaðilinn, móðurfélag hans eða tengt félag á eða hefur yfir að ráða, eða ber ábyrgð á rekstrarlegum þáttum þeirra, að hluta eða í heild, og sem er eða ætti að vera meðvitaður um eðli þeirra starfa sem viðkomandi starfsmaður sinnir og eðli þeirra upplýsinga sem viðkomandi hefur aðgang að.	
-----------------------------	--	--

- (207) Af framangreindum flokkum má ráða að hugtakið aðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum, í skilningi raforkulaga, er mun víðtækara en einungis markaðsaðilar sjálfir eða einstaklingar sem starfa fyrir þeirra hönd.
- (208) Jafnframt er viðurkennt að þegar sá aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum er lögaðili, nái bannákvæði 20. gr. b. raforkulaga einnig til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðunartöku um framlagningu, breytingu eða afturköllun viðskiptafyrirmæla fyrir reikning viðkomandi lögaðila. Þetta felur í sér að ábyrgð samkvæmt ákvæðinu hvílir ekki einungis á lögaðilanum sjálfum, heldur einnig á þeim starfsmönnum eða fulltrúum sem koma að slíkri ákvörðunartöku. Af þessu leiðir sérstök ábyrgð þeirra sem annast viðskipti eða taka ákvarðanir fyrir hönd markaðsaðila, og undirstrikar mikilvægi þess að markaðsaðilar hafi viðeigandi verklagsreglur til staðar til að tryggja rétta meðferð innherjaupplýsinga og skýra ábyrgðarkeðju innan skipulagsins.

Dæmi: Ábyrgð einstaklinga og lögaðila

Aðstæður: Miðlari X starfar hjá Markaðsaðila A. Markaðsaðili A er raforkuframleiðandi sem á og rekur nokkur raforkuver (virkjanir). Miðlari X er í hádegismat á sama tíma og aðilar innan fyrirtækisins sem sinna rekstri, og hlustar fyrir tilviljun á samtal tveggja starfsmanna þar sem rætt er um nánari atriði ófyrirséðrar truflunar í einni af virkjun Markaðsaðila A. Upplýsingarnar uppfylla skilyrði innherjaupplýsinga.

Miðlari X telur líklegt að raforkuverð muni hækka vegna aðstæðna í kjölfar truflunarinnar og ákveður, á grundvelli þessara upplýsinga, að leggja fram viðskiptafyrirmæli um kaup á raforku á heildsöluorkumarkaði fyrir hönd Markaðsaðila A, með það að markmiði að selja síðar með hagnaði.

Mat: Miðlari X, sem einstaklingur, brýtur gegn 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, þar sem hann telst aðili sem veit eða mátti vita að upplýsingarnar teljist innherjaupplýsingar, sbr. 5. tölul. 2. mgr. sama ákvæðis. Jafnframt leiðir af ákvæðum 20. gr. b. raforkulaga að bann við innherjasvikum tekur einnig til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðunartöku um framlagningu viðskiptafyrirmæla fyrir reikning lögaðila. Bannið gildir því ekki einungis um lögaðilann sjálfan, heldur einnig um þá starfsmenn eða fulltrúa sem koma að slíkri ákvörðunartöku.



Markaðsaðili A getur einnig borið ábyrgð á broti gegn 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. b raforkulaga, þar sem miðlari X leggur fram viðskiptafyrirmæli fyrir hönd markaðsaðilans á grundvelli innherjaupplýsinga sem starfsmenn Markaðsaðili A býr yfir.

Athugasemdir: Í þessu dæmi kann Markaðsaðili A jafnframt að bera ábyrgð á broti gegn skyldu til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. h raforkulaga, þar sem upplýsingarnar um ófyrirséðu truflunina voru ekki birtar á skilvirkan og tímanlegan hátt. Það að tiltekin atriði truflunarinnar hafi ekki verið gerð opinber, en virðast engu að síður hafa haft áhrif á verðmyndun, kemur meðal annars fram í viðskiptaháttsemi miðlara X. Þá getur það talist ábyrgðarleysi gagnvart reglufylgni hjá Markaðsaðila A að tryggja ekki viðeigandi innri verkferla, t.d. að starfsmenn deilda sem hafa innherjaupplýsingar um tiltæki og ótiltæki framleiðslu fari í hádegismat á sama tíma og á sama stað og starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækinu við að leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum. Jafnframt að starfsmenn fyrirtækisins sem hafa vegna stöðu og starfs, aðgang að innherjaupplýsingum, séu að ræða þær upplýsingar í viðurvist annarra sem ekki hafa aðgang að slíkum upplýsingum.

- (209) Ákvæði 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga nær einnig til aðila sem hafa vitneskju um að um er að ræða innherjaupplýsingar, sbr. 5. tölul. 2. mgr. ákvæðisins. Með þessu er lögð sérstök ábyrgð á lögaðila og einstaklinga sem kunna að tengjast með óbeinum hætti ferlum sem leiða til myndunar eða meðhöndlunar innherjaupplýsinga, eða sem eru, af persónulegum eða faglegum ástæðum, í samskiptum við aðila sem fara með slíkar upplýsingar og geta á einhverjum tímapunkti komist í tæri við þær.
- (210) Þetta leiðir til verulegrar útvíkkunar á gildissviði banns við innherjasvikum. Við beitingu 5. tölul. 2. mgr. 20. gr. b. raforkulaga ber eftirlitsaðilum að meta, í hverju tilviki fyrir sig, hvað viðkomandi aðili vissi eða mátti vita um starfsemi þess lögaðila eða einstaklings við þær aðstæður sem um ræðir í hverju tilviki mögulegra innherjasvika. Jafnframt ber að líta til þess hvort, með hliðsjón af faglegri reynslu viðkomandi aðila og eðli þeirra viðskipta sem áttu sér stað, honum hafi mátt vera ljóst að upplýsingarnar teldust innherjaupplýsingar í skilningi raforkulaga.

4.5. Undanþágur

- (211) Í 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 er kveðið á um undanþágur frá beitingu banns við innherjasvikum.⁴⁴
- (212) Þessi undirkaflí veitir leiðbeiningar um beitingu undanþágna samkvæmt raforkulögum, með það að markmiði að tryggja samræmdan skilning á þeim aðstæðum sem heimila að undanþágum sé beitt.

4.5.1. Undanþágur frá beitingu banns við innherjasvikum

- (213) Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga gildir bann við innherjasvikum ekki um eftirfarandi tilvik:

⁴⁴ Undanþágur þessar eiga eingöngu við um bann við innherjasvikum, ekki undanþágu frá því að birta innherjaupplýsingar opinberlega samkvæmt 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga.



1. Viðskipta kerfisstjórnunar flutningsfyrirtækisins skv. 4. mgr. 9. gr. raforkulaga
 2. Viðskipta sem gerð eru til að uppfylla skyldu samkvæmt samningi um að afla eða ráðstafa heildsöluorkuafurð, sem gerður var áður en viðkomandi bjó yfir innherjaupplýsingum.
 3. Viðskipta sem eru liður í neyðaraðgerðum þegar stjórnvöld hafa gripið inn í til að tryggja örugga afhendingu raforku og markaðsfyrirkomulag hefur verið fellt tímabundið úr gildi.
 4. Viðskipta vinnsluaðila sem gerð eru í þeim eina tilgangi að mæta beinu efnislegu tapi vegna ófyrirséðra truflana og misbrestur á því myndi leiða til þess að vinnsluaðilinn gæti ekki uppfyllt fyrirliggjandi samningsskuldbindingar eða vegna fyrirmæla frá flutningsfyrirtækinu til að tryggja öruggan og traustan rekstur kerfisins. Við slíkar aðstæður ber vinnsluaðila að tilkynna Raforkueftirlitinu um viðskiptin.
- (214) Undanþága samkvæmt 1. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga á einungis við þegar flutningsfyrirtækið starfar í samræmi við hlutverk sitt við kerfisstjórnun samkvæmt 4. mgr. 9. gr. raforkulaga og viðskipti eru nauðsynleg til að tryggja öruggan, traustan og skilvirkan rekstur raforkukerfisins. Undanþágan á ekki við þegar flutningsfyrirtækið sinnir öðrum verkefnum en þeim sem falla undir kerfisstjórnun. Til dæmis er flutningsfyrirtækinu heimilt, á grundvelli kerfisstjórnunar samkvæmt 4. mgr. 9. gr., að kaupa raforku eða tengda þjónustu, þar á meðal stoðþjónustu, í þeim eina tilgangi að tryggja öruggan og stöðugan rekstur raforkukerfisins, án þess að slík viðskipti teljist brot gegn banni við innherjasvikum samkvæmt 1. og 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. b. Skilyrði fyrir beitingu undanþágunnar er þó að viðskiptin séu eingöngu gerð í þágu öruggs og trausts reksturs kerfisins.
- (215) Raforkueftirlitið lítur svo á að undanþága 1. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga eigi að túlka þröngt og taki eingöngu til viðskipta sem gerð eru í þágu öruggs og trausts reksturs raforkukerfisins. Undanþágan nær því ekki til viðskipta flutningsfyrirtækisins við kaup á flutningstöpum heldur viðskiptum sem gerð eru til að halda jafnvægi milli framleiðslu og notkun í rauntíma, svo sem viðskipti með reglunarafl, reiðuafl, varaafl og viðskipti sem gerð eru þegar breyta þarf framleiðslu eða flutningi til að koma í veg fyrir álag eða flöskuhálsa í flutningskerfinu, þ.e. mótvíðskipti (e. countertrading) og endurskipulagningu á flæði orku milli sniða innan flutningskerfisins (e. redispatch).
- (216) Að því er varðar undanþágu samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er lögð áhersla á að henni skuli einungis beitt þegar stjórnvöld hafa formlega lýst yfir neyðarástandi í því skyni að tryggja örugga afhendingu raforku og markaðsfyrirkomulag hefur verið fellt tímabundið úr gildi, að hluta eða í heild. Jafnframt ber því stjórnvaldi sem fer með neyðaráætlanagerð að tryggja birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við ákvæði raforkulaga um upplýsingagjöf. Ef markaðsaðila er, á grundvelli landsbundinna neyðarreglna, gert skylt að ganga til viðskipta, teljast slík viðskipti, þrátt fyrir að markaðsaðilinn búi yfir innherjaupplýsingum, ekki brot gegn banni við innherjasvikum samkvæmt 20. gr. b. raforkulaga.



- (217) Að því er varðar undanþágu samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er litið svo á að undanþágan sé afmörkuð við þá markaðsaðila sem þar eru tilgreindir og geti því einungis tekið til ófyrirséðra truflana í framleiðslueiningum eða öðrum þeim aðbúnaði/aðstöðu sem viðkomandi vinnsluaðili ber ábyrgð á. Jafnframt er gert ráð fyrir að undanþágan eigi aðeins við um ófyrirséðar truflanir, það er truflanir sem ekki voru fyrir fram þekktar af hálfu aðila sem býr yfir upplýsingunum, og að hið efnislega tap sem undanþágan tekur til stafi beint og eingöngu af slíkri ófyrirséðri truflun. Markaðsaðilum er einungis heimilt að beita undanþágunni til að eiga viðskipti í þeim eina tilgangi að mæta tafarlausu efnislegu tapi. Önnur viðskipti sem ganga lengra en nauðsynlegt er til að mæta slíku tafarlausu (þ.e. innan dags) efnislegu tapi falla ekki undir gildissvið undanþágunnar.
- (218) Að auki er undanþágu samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga einungis heimilt að beita af hálfu framangreindra markaðsaðila vegna viðskipta sem lýst er hér að ofan í eftirfarandi tveimur tilvikum:
- þegar það að grípa ekki til slíkra viðskipta myndi leiða til þess að markaðsaðilinn gæti ekki staðið við fyrirliggjandi samningsskuldbindingar; eða
 - þegar slík viðskipti eru framkvæmd í samráði við flutningsfyrirtækið, í þeim tilgangi að tryggja öruggan og traustan rekstur raforkukerfisins.
- (219) Að því er varðar fyrra tilvikið lítur Raforkueftirlitið svo á að þær samningsskuldbindingar sem vísað er til þurfi að vera til staðar áður en hið tafarlausu efnislega tap vegna ófyrirséðra truflana átti sér stað. Slíkar samningsskuldbindingar verða jafnframt að tengjast því tímabili sem ófyrirséðar truflunin varir. Að mati Raforkueftirlitsins eru einu tilvikin þar sem markaðsaðili telst ekki geta uppfyllt fyrirliggjandi samningskuldbindingar þegar aðstæður eru þannig að raunverulegt samningsbrot myndi annars eiga sér stað og aðeins ef markaðsaðilinn hefur ekki aðrar tiltækar heildsöluorkuafurðir (orku) til að standa við skuldbindinguna.
- (220) Raforkueftirlitið lítur svo á að beiting undanþágu samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga getur ekki farið saman við beitingu heimildar til frestaðrar upplýsingagjafar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. h. laganna, enda er þar gert ráð fyrir að markaðsaðili taki ekki ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorkuafurðir á grundvelli viðkomandi innherjaupplýsinga. Markaðsaðili þarf því að birta upplýsingarnar eins fljótt og unnt er og áður en viðskipti fara fram með þær heildsöluorkuafurðir sem upplýsingarnar varða, nema undanþága samkvæmt raforkulögum eigi við. Viðskipti sem gerð eru áður en birting hefur farið fram geta aðeins fallið undir undanþágu ef skilyrði 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga eru sannarlega uppfyllt. Slíkt skapar þó ekki sjálfstæða undanþágu frá skyldu markaðsaðila til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga. Verði markaðsaðili ekki við þeirri skyldu og heldur áfram að stunda viðskipti getur sú háttsemi bæði talist brot gegn 1. mgr. 20. gr. h. raforkulaga og 1. mgr. 20. gr. b. raforkulaga um innherjasvik.



- (221) Að því er varðar síðara tilvik undanþágu 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, þ.e. þegar slík viðskipti eru framkvæmd í samráði við flutningsfyrirtækið í þeim tilgangi að tryggja öruggan og traustan rekstur raforkukerfisins getur það átt við þegar markaðsaðilar starfa á grundvelli samkomulags við flutningsfyrirtækið til þess að flutningsfyrirtækið geti sinnt skyldum sínum um kerfisstjórnun í samræmi við 4. mgr. 9. gr. raforkulaga. Viðskipti sem gerð eru af markaðsaðila, í slíkum aðstæðum og til þess að flutningsfyrirtækið geti sinnt skyldum sínum um kerfisstjórnun í samræmi við 4. mgr. 9. gr. raforkulaga geta réttlætt beitingu undanþágunnar, ef að um er að ræða viðskipti sem nauðsynlegt er að framkvæma til að tryggja öruggan, traustan og skilvirkan rekstur raforkukerfisins. Við það ber að líta við sama mat og á 1. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga, þ.e. að um ræðir kerfisþjónustu í rauntíma til að halda jafnvægi á milli framleiðslu og notkun í rauntíma, svo sem viðskipti með reglunarafl, reiðuafl, varaafl og viðskipti sem gerð eru þegar breyta þarf framleiðslu eða flutningi til að koma í veg fyrir álag eða flöskuhálsa í flutningskerfinu, þ.e. mótvíðskipti (e. countertrading) og endurskipulagningu á flæði orku milli sniða innan flutningskerfisins (e. redispatch).
- (222) Við slíkar aðstæður, og með sama hætti og gert er ráð fyrir þegar flutningsfyrirtækið sjálft starfar á grundvelli undanþágu, verður eini tilgangur viðskipta markaðsaðilans að vera að tryggja öruggan og traustan rekstur kerfisins. Af því leiðir að undanþágan getur einungis átt við um markaðsaðila þegar þeir starfa fyrir hönd flutningsfyrirtækisins á grundvelli sérstaks samkomulags og aðeins á mörkuðum fyrir stoðþjónustu, en tekur ekki til annarra heildsöluorkumarkaða.
- (223) Að því er varðar tímabil þess sem heimilt er að falla undir undanþágu samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga er litið svo á að undanþágan geti gilt svo lengi sem orsakatengsl eru fyrir hendi milli ófyrirséðu truflunarinnar og þess umfangs viðskipta sem nauðsynlegt er að grípa til á grundvelli undanþágunnar. Af þessu leiðir að undanþágunni má einungis beita á því tímabili sem markaðsaðilinn er ekki í stakk búinn til að uppfylla fyrirliggjandi samningsskuldbindingar sínar, eða þegar viðskipti eru framkvæmd í samráði við flutningsfyrirtækið í þeim tilgangi að tryggja öruggan og traustan rekstur raforkukerfisins.
- (224) Ef markaðsaðili nýtir undanþágu samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 20. gr. b. raforkulaga ber honum að tilkynna viðeigandi upplýsingar um slík viðskipti til Raforkueftirlitsins. Tilkynning skal fara fram eins fljótt og auðið er, með hliðsjón af getu markaðsaðilans hverju sinni.